

PRÁINN FREYR VIGFÚSSON

Safnar uppskriftum í utanlandsferðunum

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



VALA MATT

Ný vinna – ný tækifæri

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MARÍA HULD MARKAN

Seldu lag í breska tölvuauglýsingu

Amiina hugsar sér aftur til hreyfings FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. janúar 2009 – 27. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR



Sókn til mannréttinda

Kvennasamningur Sameinuðu þjóðanna er þrjátíu ára.

TÍMAMÓT 18

Gaukur sýknaður

Hæstiréttur sýknaði Gauk Úlfarsson í meiðyrðamáli vegna bloggskrifna.

FÓLK 30



Taktlaus ríkisútgjöld

Þegar hið opinbera sýnir aðhald í uppsveiflu aukast möguleikar á að halda hjólum atvinnulífsins gangandi þegar að kreppir, skrifar Sigríður Dís Guðjónsdóttir.

UMRÆÐAN 16


Haukar á toppinn

Haukar rúlluðu yfir Framara í uppgjöri toppliðanna í handboltanum.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMA EYSTRA Í dag verða norðaustan 5-10 m/s en 8-15 síðdegis. Slydda eða snjókoma A- og NA-lands eftir hádegi og fram á nóttu. Yfirreitt úrkomulaust og bjart vestra. Frost 0-5 stig.

VEÐUR 4

Báðir forstjórar Existu skráðu eignir á maka

Margir bankamenn skráðu fasteignir á maka sína um og eftir fall bankanna í haust. Meðal þeirra eru forstjórar Existu og forstjóri MP-verðbréfa.

EFNAHAGSMÁL Tveir af helstu forkólfum Existu, aðaleiganda Kaupþings þar til bankinn féll, skráðu íbúðarhús sín á maka sína í kringum hrun fjármálakerfisins í haust. Hið sama gerðu þó nokkrir aðrir bankamenn um svipað leyti.

Nokkrum dögum fyrir bankahrunið eða 25. september afsalaði Erlendur Hjaltason, forstjóri Existu og formaður Viðskiptaráðs, sér sínum hluta í húsinu við Auðarstræti og færði yfir á konu sína. Fáeinum vikum síðar, hinn 20. október, gerði hinn forstjóri Existu, Sigurður Valtýsson, það sama og afsalaði sér sínum

hluta í húsinu í Iðalind og lét skrá á konu sína.

Forstjóri MP verðbréfa hefur einnig skráð hús sitt og konu sinnar á hennar nafn. Það gerði Styrmir Þór Bragason sama dag og Geir Haarde forsætisráðherra það guð að blessa Ísland í frægu sjónvarpsávarpi. Frá og með 6. október hefur hús þeirra við Bakkavör verið skráð á eiginkonu Styrmis.

Svo virðist sem fleiri sem tengjast fjármálaumsýslu hafi viljað breyta eignarhaldi á íbúðarhúsum sínum í kring um fall bankanna. Um tveimur vikum fyrir hrunið skráði fjármálastjóri Baugs hús sitt á Laufásvegi á náinn ætt-

ingja. Eins og kunnugt er höfðu aðilar tengdir Baugi mikil ítök í Glitni. Hinn 18. september færði fjármálastjórinn, Stefán Hilmar Hilmarsson, húsið af sínu nafni á einkahlutafélagið Vegvísi. Skráður eigandi þess er móðir Stefáns.

Í fréttum Ríkissjónvarpsins í fyrrakvöld voru einnig nefndir sjö millistjórnendur hjá Kaupþingi sem um og eftir bankahrunið skráðu hús sín á nafn makans.

Sigurður Valtýsson gaf sér ekki tíma til að ræða við blaðamann um þessi mál í gær. Ekki náðist í þá Erlend Hjaltason, Styrmir Þór Bragason og Stefán Hilmarsson.

- gar, kg

Eurovisionkeppnin: Íslenskan á undanhaldi

FÓLK Aðeins tvö lög af þeim átta sem keppa um farseðilinn á Eurovision í Moskvu verða sungin á íslensku.

Höfundar laganna hyggjast ekki þýða textana yfir á ensku sigri þeir í keppinni. Í fyrri voru fjögur af þeim átta lögum sem kepptu til úrslita sungin á íslensku.

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, útilokar ekki að reglum næstu keppni verði breytt.

Mörður Árnason segir það skritið að hafa enska texta í íslenskum tónlistarþætti.



MÖRÐUR ÁRNASON

- fgg / sjá síðu 24



PAKKAÐ NIÐUR Geir H. Haarde var í óða önn að pakka niður á skrifstofu sinni í Stjórnarráðinu í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.

Fráfarandi forsætisráðherra:

Geir kveður stjórn málin

STJÓRN MÁL Geir H. Haarde fráfarandi forsætisráðherra kveður stjórn málin í dag. Í gær tók hann sér tíma til að taka til á skrifstofunni sinni fyrir eftirmann sinn, sem að öllum líkindum verður Jóhanna Sigurðardóttir.

Geir hefur setið á Alþingi frá árinu 1987 en áður var hann aðstoðarmaður fjármálaráðherra og þar áður hagfræðingur í Seðlabankanum. Geir var skipaður fjármálaráðherra árið 1999 en hefur gegnt starfi forsætisráðherra frá 2006.

Geir greindist nýlega með illkynja æxli í vélinda og heldur til Hollands í aðgerð í næstu viku.

Geir mun halda ræðu á stjórn málafundi Sjálfstæðisflokksins á Grand hóteli klukkan 13.00 í dag. Þar mun hann fara yfir stjórn málaástandið, stjórnar slitin og horfurnar í íslensku þjóðfélagi.

- kg

Líklegar breytingar í viðskipta- og dómsmálaráðuneyti:

Tveir fræðimenn ráðherrar

STJÓRN MÁL Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tekur að öllum líkindum ekki til starfa fyrr en á morgun. Verið var að leggja lokahönd á málefnaþing og ráðherraskipan í gærkvöldi. Þá á eftir að kynna það á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar sem haldinn verður seinni partinn í dag.

Björg Thorarensen, lagaprófessor við Háskóla Íslands, hefur verið

nefnd sem líklegur dómsmálaráðherra. Þá hefur Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræði, verið nefndur sem líklegur viðskiptaráðherra. Már Guðmundsson, fyrrverandi aðalhafgræðingur Seðlabankans, hefur verið nefndur sem næsti seðlabankastjóri. Hann starfar nú sem aðstoðarframkvæmdastjóri peninga- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel.

„Ég hef ekki verið beðinn um

að taka þetta starf að mér enda er það mér vitanlega ekki á lausu nú, hvað sem síðar kann að verða,“ segir Már. Hann vill ekki svara því hvort hann myndi sækja um eða þiggja starfið ef honum yrði boðið það. „Það myndi fara eftir ýmsu, væntanlega meðal annars því hversu vel þær tímasetningar hentuðu mér og hversu trausta ég teldi umgjörð málsins,“ segir Már.

- jse, kóp / sjá síðu 6

HÁTALARAR DVD SPILARAR BILMAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR BILMAGNARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR

RISA ÚTSALA

YFIR 1000 VÖRUTEG. MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSL.

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPDVOTTAVÉLAR HELLUBORD HREYFIVÉLAR

OFNAR ÖRYVILJÓFNAR FRYSTIKISTUR ÞVOTTAVÉLAR

ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR NÁFAR

LOKADAGAR ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞUNDIRAR SAKLOKUGRILL VÖPFLUARN RYKJUGUR RAKVÉLAR STRAULÁN

Heimilistæki www.ht.is

Kafbátur mánaðarins

Mikið fyrir lítið

...á verði fyrir þig

SUBWAY

SOL GRYN

Borðu OTA hafragrautinn þinn á hverjum morgni

Lokað í dag vegna flutninga!

Nú flytjum við starfsemi okkar úr Aðalstrætinu í Síðumúla 24.

Af því tilefni verða skrifstofur okkar í Reykjavík lokaðar í dag, föstudaginn 30. janúar.

// Símapjónusta: 515 2000

Við veitum hins vegar alhliða símapjónustu í síma 515 2000 í dag frá kl. 8:30 – 16:30 líkt og aðra virka daga.

// Þjónusta um land allt

Þjónusta í útibúum og umboðum TM um allt land verður með hefðbundnu sniði. Nánari upplýsingar um staðsetningu og opnunartíma útibúa og umboða má nálgast á vefsvæði félagsins, www.tm.is

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



| GJALDMÍÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 113,56 | 114,10 |
| Sterlingspund | 161,54 | 162,32 |
| Evra | 148,26 | 149,08 |
| Dönsk króna | 19,893 | 20,009 |
| Norsk króna | 16,821 | 16,921 |
| Sænsk króna | 14,072 | 14,154 |
| Japanskt jen | 1,2625 | 1,2699 |

SDR 170,31 171,33

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
183,1202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fallið frá mislægum gatnamótum við Kringlumýrar- og Miklubraut:

Miklabraut verður sett í stökk

SAMGÖNGUR Miklabraut verður sett í stökk og fallið frá hugmyndum um mislæg gatnamót á mótum Kringlumýra- og Miklubrautar. Þetta staðfesti borgarráð í gær, eftir tillögu samráðshóps, sem í sátu íbúar og stjórnálmenn. Lausnin hefur verið kynnt Vegagerðinni og er nú í umhverfismati.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur, segir þetta góða lausn. „Við reyndum að lenda málinu í eins mikilli sátt og hægt var og ég held að það hafi tekist. Við setjum ekki stór gatnamót þarna heldur stökk í eina átt.“



GATNAMÓTIN Miklabraut verður sett í stökk við gatnamót Miklu- og Kringlumýrabrautar og einnig á mót við Klambatún.

Flæði umferðar úr Garðabæ og Kópavogi verður því mun betra en nú er.“

Fyrirhugað er að Miklabraut fari niður í tvöfalda stökk á mót við Kringluna og komi aftur upp til móts við Stakkahlíð. Hún fari síðan ofan í annan stökk við Lönguhlíð og komi upp á móts við Snorrabraut. „Þetta tengir allt Hlíðahverfið saman,“ segir Þorbjörg.

Óvíst er hvenær af framkvæmdum verður. Það er nú í umhverfismati og Þorbjörg segir að ákvarðanir um framkvæmdir ráðist af efnahagsástandi. Verkið sé á áætlun og matsferli taki mikinn tíma. „Áætlun getur því vel staðist og þetta verði tilbúið 2010 til 2011.“

Kosningar í Afganistan:

Frestað af öryggisástæðum

AFGANISTAN, AP Forsetakosningum í Afganistan, sem halda átti seint í apríl, hefur verið frestað til 20. ágúst vegna þess hve ástandið í landinu er ótryggt.

Vonir standa til að alþjóðlega herliðið í landinu fái með þessu nægan tíma til að bæta öryggisástandið svo óhætt þyki að efna til kosninga.

Sumir þingmenn gagnrýna þó þessa ákvörðun, segja hana brjóta í ákvarðun, stjórnskrána og vara við stjórnarkreppu.

Samkvæmt stjórnskipan landsins rennur kjörtímabil núverandi forseta, Hamids Karzai, út þann 22. maí næstkomandi.



HRÓKERING Nursultan Nazarbayev, forseti Kasakstans.

Efnahagsmál í Kasakstan:

Skipt um seðlabankastjóra

KASAKSTAN Forseti Kasakstans, Nursultan Nazarbayev, hefur skipað Grigorí Marsjenkó, bankastjóra Halyk-banka, eins stærsta banka landsins, í stöðu seðlabankastjóra. Frá þessu er greint á fréttavef Dow Jones.

Í tilkynningu frá forsetanum er sagt frá reynslu Marsjenkós við að kljást við efnahagsstöðugleika með góðum árangri en hann var seðlabankastjóri árin 1999-2004.

Ekki segir hvers vegna Anvar Saidenov, fráfaramandi seðlabankastjóra, er vikið úr embætti.

Viðbrögð við kreppu:

Matjurtagörðum fjölgar í vor

REYKJAVÍK Matjurtagörðum verður fjölgað í Reykjavík í sumar. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgöngusviðs borgarinnar, segir hugmyndina sprottna úr grasrótinni. „Lilja Sigrún Jónsdóttir skrifaði grein um málið og Garðyrkjufélagið hafði samband við okkur. Þetta er mjög mikilvægt, ekki síst í því efnahagsástandi sem nú ríkir.“

Um 200 gördum verður bætt við þá sem fyrir eru. Þorbjörg segir einnig verða reynt að færa garðana nær fólki, en nýir garðar verða í Elliðaárdal og Fossvogsdal. „Þetta mun henta fjölskyldufólki vel.“

Vaxandi ótti við fölsuð lyf á Netinu

Sala falsaðra lyfja á Netinu veldur heilbrigðisyfirvöldum ótta. Sú netverslun er ólögleg og án allra landamæra, segir lyfjafræðingur hjá Lyfjastofnun. Um er að ræða arðbært en glæpsamlegt athæfi sem getur stefnt lífi fólks í hættu.

LYFJAMÁL „Það ríkir vaxandi ótti meðal heilbrigðisyfirvalda víða um lönd vegna sölu falsaðra lyfja á Netinu. Sú netverslun er ólögleg og án allra landamæra. Hún hefur verið að færast nær okkur og mál af þessu tagi hafa komið upp á Norðurlöndunum.“

Þetta segir Mímír Arnórsson lyfjafræðingur hjá Lyfjastofnun.

Ólögleg netverslun með lyf fer vaxandi um allan heim. Framleiðsla og sala ólöglegra lyfja er arðbært en glæpsamlegt athæfi, að því er fram kemur á vef stofnunarinnar. Heilsu og jafnvel lífi neytenda er stefnt í hættu með því að selja þeim lyf sem uppfylla ekki innihaldslýsingar og framleiðslustaða. Rannsóknir á lyfjum sem seld eru á Netinu hafa sýnt að virkt innihaldsefni er allt frá því að vera ekkert í það að vera allt annað en tilgreint er á umbúðum.

Á síðustu árum hefur netverslun fæst mjög í vöxt á öllum sviðum og þar með talin verslun með lyf. Svokölluð lífsstílslyf eru til sölu á Netinu á mun lægra verði en eftir hefðbundnum, löglegum leiðum. Einnig færist í vöxt að önnur lyf séu fól á Netinu. Líkur eru á því að meira en helmingur þeirra lyfja sem boðin eru á Netinu séu fölsuð.

„Við erum að fá fréttir frá nágrannaþjóðunum um að netverslun með lyf fari mjög vaxandi,“ segir Mímír. „Það er sterklega varað við þessu hjá fjölþjóðlegum stofnunum eins og Lyfjastofnun Evrópu.“

Hvað stöðu mála hér áhrærir er ekki vitað hvort fölsuð lyf hafibor-



EFTIRLÍKINGAR Mjög erfitt getur verið að sjá hvort lyf eru fölsuð eða ekki. Falsararnir hafa núorðið yfir fullkomnum búnaði að ráða sem gerir það að verkum að falsanirnar eru mjög líkar löglegum lyfjum.

KÖNNUN Á LYFJAÖRYGGI Á NETINU

- 94 prósent netapóteka hafa ekki starfandi lyfjafræðing
- 96 prósent netapóteka starfa ólöglega
- 62 prósent lyfseðilsskyldra lyfja sem seld eru á Netinu eru fölsuð
- 90 prósent netapóteka selja lyfseðilsskyld lyf án lyfseðils

ist hingað til lands. Öll netverslun með lyf er ólögleg og þau gerð upptæk í tolli ef þau finnast. Við höfum hins vegar ekki lagt út í þann aukakostnað að láta rannsaka hvort um fölsuð lyf sé að ræða í einhverjum tilvikum eða ekki. Athæfið er allt að einu ólöglegt.“

Nýjustu fyrirliggjandi tölur um fjölda stöðvaðra sendinga hér á landi eru frá árinu 2007. Á síðustu sex mánuðum þess árs voru skoð-

aðir 1.228 pakkar og í þeim voru 274 lyf sem ekki var heimilt að fá send með pósti. Ein kára var send til lögreglu vegna innflutnings einstaklings á lyfi.

Lyfjastofnunin í Svíþjóð hefur nú hafið herferð gegn sölu af þessu tagi, samkvæmt fyrirmælum sænsku ríkisstjórnarinnar.

„Við reynum að hafa eftirlitið hér á landi eins öflugt og kostur er,“ segir Mímír. jss@frettabladid.is

Hingað og ekki lengra:

Íraksstjórn vill ekki Blackwater

ÍRAK, AP Íraksstjórn sagðist í gær hafa ákveðið að öryggisverðir á vegum bandaríska verktakafyrirtækisins Blackwater fái ekki framar að starfa í landinu.

Ákvörðunin er byggð á því að þeir hafi „hagað sér með óviðeigandi hætti og beitt valdi í óhófi“, segir Abdul-Karim Khalaf, talsmaður innanríkisráðuneytisins.

Í september 2007 urðu verðir frá Blackwater 17 manns að bana, allt almennum borgurum, úti á götu í Bagdad. Réttarhöld standa yfir í Bandaríkjunum vegna þessa atviks.

Blackwater-fyrirtækið hefur séð um öryggisgæslu flestra bandarískra embættismanna í Írak.

NORÐURLÖND

Notuðu kreditkortid mest

Íslendingar notuðu kreditkort langoftast allra þjóða í Evrópu í fyrra. Aðeins Norðmenn komust nálægt kortnotkun Íslendinga en þeir framvísuðu kreditkortinu í meira en 36 prósentum af sínum viðskiptum.

BRUNAVARNIR

Sekt vegna húsnæðis

Slökkvilið höfðuborgarsvæðisins hefur fengið heimild bæjarráðs Mosfellsbæjar til að beita tíu þúsund króna dagsektum vegna óleyfilegra íbúða sem nokkuð er um að séu í atvinnuhúsnæði í bænum.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Burt úr bænum

Hópaferðir fyrir öll tilefni

Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

HELGARVEÐRIÐ
Það verður heldur hvasst fyrri partinn á morgun en lægir eftir því sem líður á daginn og verður komið hægvíðri á sunnudag. Á morgun verður dálítill snjókoma fyrir norðan en á sunnudag er útlit fyrir bjartvíðri um nánast allt land.

Á MORGUN
Stíf norðlæg átt, 8-13 m/s.

SUNNUDAGUR
Hæg breytileg átt og yfirleitt úrkomulaust.

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Alicante | 18° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 6° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 3° |
| Orlando | 15° |
| Ósló | -3° |
| París | 6° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Naut helgarinnar!

OPIÐ
til **20**
alla daga

42%
afsláttur
við kassa



ÍSLENSKT
NAUTAFILLE
1.971 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-



499 kr/pk
Merkt verð 749.-



30%
afsláttur
við kassa

2.099 kr/kg
Merkt verð 2.998.-



30%
afsláttur
við kassa

4%
FITA

1.259 kr/kg
Merkt verð 1.798.-



40%
afsláttur
við kassa

414 kr/kg
Merkt verð 690.-

Hamborgarar
4 stk. með brauði

Nautapiparsteik

Íslenskt ungnautahakk
aðeins 4% fita

Ferskir kjúklingavængir



599 kr/pk.
Verð áður 799.-



239 kr/pk.
Verð áður 299.-



169 kr/stk.
Verð áður 249.-

Daloon kínarúllur
3 tegundir

Freyju buffalóbitar

Risa samlokubrauð 1 kg.

LOKSINS
KOMINN AFTUR



Nýtt
í Hagkaup



299 kr/stk.
Verð áður 545.-

A&W rótarbjór
beint frá Ameríku

Pomalitos og cherry mandarínur
nýjungar frá Kína

Rubicon granateplasafi

OPIÐ
allan sólarhringinn
í Skeifunni

24
Skeifan

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Auglýsingum í Símaskrána 2009 þarf að skila fyrir 31. janúar

Móttöku auglýsinga og skráninga í Símaskrána 2009 fer senn að ljúka.

Auglýsing í Símaskránni er með þeim áhrifameiri sem vöð er á því hún er einn mest notaði miðill landsins þegar leitað er að upplýsingum um fyrirtæki. Þegar fólk tekur upp Símaskrána hefur það þegar tekið ákvörðun og á aðeins eftir að finna númer og hafa samband.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og staðfestu auglýsinguna fyrir þitt fyrirtæki.

Sími: 522 3200 og tölvupóstur: auglysingar@ja.is

já -er svarið

Mitt fyrirtæki
er á Gulu síðunum.
En þitt?



VEISTU SVARID?



1 Hvað heitir framkvæmdastjóri NATO?

2 Hvaða hollenska knattspyrnulið hefur krækt í Blikann Jóhann Berg Guðmundsson?

3 Hver er varaformaður Vinstri grænna?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Endurskoðun stjórnarskrár skilyrði fyrir stuðningi Framsóknar við ríkisstjórn:

Framsókn vill stjórnlagagæping í haust

STJÓRNMÁL Framsóknarflokkurinn setur þrjú skilyrði fyrir stuðningi við minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir að unnið sé að fyrstu tveimur; aðstoð við skuldbætt heimili og því að koma atvinnulífínu í gang. Hið þriðja er að stjórnarskráin verði endurskoðuð. Framsóknarflokkurinn kynnti hugmyndir sínar þar um í gær.

Flokkurinn vill að kosið verði til stjórnlagagæpingar sem geri heildstæða endurskoðun á stjórnarskránni. Á því sitji 63 kjörnir fulltrúar sem kosnir verði almennri kosningu. Þingmenn, ráðherrar

og forseti Íslands verði ekki kjöringir. Þingið starfi í sex til átta mánuði og þurfi tveir þriðju þess að samþykka breytingar á stjórnarskránni. Hún verði síðan lögð undir þjóðaratkvæði.

„Með þessu viljum við að þjóðin ákveði hvernig stjórnarskráin lítur út. Hún hefur verið nánast óbreytt í 135 ár. Endurskoðun hennar getur verið grundvöllur hins nýja samfélags,“ segir Sigmundur Davíð.

Hann segir hina væntanlegu stjórnarflokka vita af þessum kröfum. Þeir hafi fallist á endurskoðun, en hvernig á henni verði staðið sé útfærsluatriði. - kóp

MÖGULEGUR FERILL

Febrúar 2009 Fyrri samþykkt Alþingis á frumvarpinu. Þing rofið í kjölfarið.

Apríl 2009 Kosið til Alþingis samkvæmt gildandi stjórnarskrá.

Mai 2009 Síðari samþykkt Alþingis á frumvarpinu.

Ágúst 2009 Kosið til stjórnlagagæpingar samkvæmt frumvarpi.

Mai 2010 Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögu að nýrri stjórnarskrá samhlíða sveitarstjórnarkosningum.

Verði tillagan samþykkt mun annaðhvort þurfa að rjúfa þing og kjósa á ný eða nýrri stjórnarskrá eða, líkt og flokkurinn stingur upp á, að þing sitji eftir gömlu stjórnarskránni en kosið verði eftir þeirri nýju samhlíða forsetakosningum 2012.

Ef tillögu stjórnlagagæpingar er hafnað þarf það að koma saman aftur og kjósa síðan um tillögu þess. Kjósa þarf aftur um tillögu þess.

Félagar fyrrverandi forseta bæjarstjórnar á Álftanesi:

Bæjarráð riftir ekki samningi Kristján

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráðsfulltrúar meirihluta Á-listans á Álftanesi hafna kröfu minnihluta sjálfstæðismanna um að rifta samningi við rafþjónustufyrirtæki fyrrverandi forseta bæjarstjórnar.

Kristján Sveinbjörnsson, sem hætti sem bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar í desember eftir lögreglugerð á nafnlausum óhróðri á spjallsíðu sveitarfélagsins, hefur um árabil haft samn-

ing við bæinn um rafþjónustu. Skömmu fyrir jóla samþykkti bæjarráð að semja á sama grunni við fyrirtæki Kristján undir nýrri kennitölu. Sjálfstæðismenn eru ósáttir við þetta.

„Bæjarráð samþykkir að rifta nú þegar samningi, sem gerður var við Kristján Sveinbjörnsson í nafni Rafmagnsþjónustunnar ehf. og draga til baka samþykkt á kennitölbreytingu þess fyrirtækis, sem var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 18. desember,“ sagði í tillögu sem fulltrúi sjálfstæðismanna lagði fram á bæjarráðsfundi. „Ástæða þessa er vegna fram kominna upplýsinga um óheilindi Kristján og einnig er ljóst að kennitölbreyting sú, sem samþykkt var í desember síðastliðnum á fundi bæjarstjórnar er algerlega fráleit.“

Fulltrúar Á-lista vísuðu tillögunni frá. „Bæjarfulltrúar Á-lista telja samþykkt bæjarstjórnar frá 18. desember síðastliðnum eðlilega og í samræmi við hefð í hlíðstæðum málum á vettvangi sveitarfélaganna. Vísað er á bug ásköpunum um óheilindi forsvarsmanns fyrirtækisins,“ bókuðu Á-listamenn. - gar



STEIN BAGGER Situr í fangelsi í Danmörku grunaður um fjársvik.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skotárás í Kaupmannahöfn: Lífvörður slapp með skrámur

KAUPMANNAHÖFN Brian Sandberg, lífvörður danska athafnamannsins Steins Bagger, slapp með skrámur þegar skotið var á hann í hádeginu í gær á veitingastaði í Kaupmannahöfn.

Sandberg er meðlimur í vélhjólasmáttökunum alræmdu, Hells Angels, en talið er að árásin tengist innbyrðisdeilum í samtökunum.


Bagger hvarf skyndilega í lok nóvember á ferðalagi í Dúbaí, en dúkkaði upp nokkrum dögum síðar í Bandaríkjunum þar sem hann var handtekinn, grunaður um stórfelld fjársvik sem urðu hugbúnaðarfyrirtæki hans, IT Factory, að falli. - gb



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON Samherjar fyrrverandi forseta bæjarstjórnar segja samning við rafþjónustufyrirtæki hans eðlilegan og hafna riftun. - gar

ESB fjárfestir í Nabucco-gasleiðslunni

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins áformar að sjá til þess að 250 milljarðar evra úr sameiginlegum sjóðum sambandsins verði varið í fjármögnun Nabucco-gasleiðslunnar, sem ætlað er að leiða jarðgas frá Kaspíahafslöndum í Mið-Asíu til Evrópusambandslanda. Fjárfestingin yrði liður í viðleitni ESB til að verða minna háð gasi frá Rússlandi í gegn um leiðslur sem liggja um Úkraínu.



| Evrópsk áform um gasleiðslur annars staðar frá Rússlandi | | Áform Rússa um gasleiðslur fram hjá Úkraínu | |
|--|----------------------------|---|----------------------------|
| 1 NABUCCO | | 4 NORD STREAM | 5 SOUTH STREAM |
| Kostnaður | 7,9 milljarðar evra | Kostn. | 7,4 ma evra |
| Lengd | 3.300 km | Lengd | 1.220 km |
| Áformuð opnun | 2011 | Opnun | 2012 |
| Flutningsgeta | 31 ma. m ³ /ári | Flutn.g | 55 ma. m ³ /ári |
| 2 MEDGAZ | | 3 GALSÍ | |
| Kostn. | 900 m. evra | Kostn. | 2 ma. evra |
| Lengd | 210 km | Lengd | 1.470 km |
| Opnun | 2009 | Opnun | 2012 |
| Flutn.g | 8 ma. m ³ /ári | Flutn.g | 8 ma. m ³ /ári |

Heimildir: Nabucco Gas Pipeline Int. GmbH, MEDGAZ MEM, Nord Stream AG, ENI, GAZPROM, BP

Jarðgaslindir
Þúsundir milljarða rúmmetra
Rússland 45
Kaspíahaf 34
Aserbaídsjan, Íran, Kasakstan, Túrkménistan

© GRAPHIC NEWS

Jarðgas fram hjá Rússlandi

Evrópusambandið leitast við að leiða til að verða minna háð jarðgasi frá Rússlandi, einkum gasi úr leiðslum sem liggja um Úkraínu. Því á að leggja fé í nýjar leiðslur.

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn ESB vill verja 3,5 milljörðum evra, andvirði um 545 milljarða króna, af framkvæmdafé sambandsins sem ekki var eytt á síðasta fjárlagaári í að gera aðildarríkin minna háð jarðgasi frá Rússlandi.

Framkvæmdastjórnin leggur til að sjónum verði einkum beint að verkefnum eins og lagningu nýrra jarðgasleiðslna á borð við Nabucco-leiðsluna svonefndu, sem á að flytja gas frá Mið-Asíulöndunum við Kaspíahaf um Georgíu og Tyrkland til ESB-landa.

Á fundi í Búdapest á þriðjudag gáfu bankastjórnar Fjárfestingarbanka Evrópu, EIB, og Evrópska þróunarbancans, EBRD, samþykki sitt við að taka þátt í að fjármagna Nabucco, sem áætlað er að muni kosta alls um 7,9 milljarða evra.

Nabucco-leiðslan á að liggja 3.300 kílómetra leið frá Kaspíahafslöndunum Aserbaídsjan, Kasakstan og Túrkménistan, þar sem eru miklar gaslindir, um Georgíu og Tyrkland til Balkanskagans og þaðan áfram til Mið-Evrópu.

Sjú ár eru síðan fyrst var farið að vinna að þessu verkefni. Vafi á tryggunum aðgangi að nægilegu

magni jarðgass hefur hamlað áhuga fjárfesta. Það hik hafa Rússar og Kínverjar óspart nýtt sér til að tryggja sér aðgang að miðasísku gaslindunum. Stríðið sem blossaði upp í Georgíu í fyrrasumar jók líka á áhyggjur hugsanlegra fjárfesta af öryggi leiðslunnar, lægi hún um Georgíu. Hinn kosturinn er sá að hún liggji um Íran, sem einnig þykir óæskilegt af pólitískum ástæðum. Og jafnvel þótt Nabucco-áformin gangi alveg eftir þá mun leiðslan ekki geta séð ESB-löndunum fyrir nema í mesta lagi átta prósentum af gasþörf þeirra.

Til að flækja málið enn frekar hafa Rússar lagt til að lögð verði svonefnd SouthStream-leiðsla undir Svartahaf, það er að segja í stórum dráttum sömu leið og Nabucco á að liggja um.

Rússar sjá nú þegar ESB-löndunum fyrir um fjórðungi af gasþörf þeirra og útlit er fyrir að það hlutfall hækki enn á næstu árum, ekki síst eftir að svonefnd NordStream-leiðsla undir Eystrasalt kemst í notkun, en hún mun geta flutt gas beint frá Rússlandi til Þýskalands, fram hjá Úkraínu og Póllandi. - audunn@frettabladid.is

ROSSIGNOL SNOWBOARDS

30% afsláttur af brettapökkum
Brettadeildin er í Kringlunni.

HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

Frábær tilboð!



50%
afsláttur

GOÐI

GRÍSALUND MEISTARANS

1.259 kr/kg

~~2.498~~ kr/kg

FERSKUR KJÚKLINGUR 1/1

572 kr/kg

~~954~~ kr/kg



40%
afsláttur



30%
afsláttur

BLANDAÐ HAKK

489 kr/kg

~~699~~ kr/kg

GOÐI



STARBUCKS
HOUSE BLEND KAFFI 250g

449 kr/pk.

25%
afsláttur



**PÚ SPARAR
100 KR!**

DALOON KÍNARÚLLUR
EDA VORRÚLLUR

599 kr/pk.

~~699~~ kr/pk.



TOPPUR M/SÍTRÓNU 2l

116 kr/stk.

~~165~~ kr/stk.

30%
afsláttur



50%
afsláttur

JONAGOLD EPLI

95 kr/kg

~~189~~ kr/kg

TILBOÐIN GILDA 30. JAN. - 1. FEB.



Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.netto.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

ÚTSALA

REKKJUNNAR

20-60%

AFSLÁTTUR!

Prýstjöfnunar-
svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
**KOSTAR NÚ
99.300 kr.**



RÚMSTÆÐI MEÐ
LATEX HEILSUDÝNU
**ALLT AD
40%
AFSLÁTTUR**



COMODO
Svefnsofi
Verð áður 398.950 kr.
**KOSTAR NÚ
279.265 kr.**

FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
**ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR**



SVEFNSÓFAR
**ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
38.000 kr.



SÆNGURVER
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
3.710 kr.

HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
5.530 kr.



KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
**KOSTAR NÚ FRÁ
89.900 kr.**

rekkjan

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – Nú 79.900

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – Nú 79.900

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – Nú 49.900



IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – Nú 199.900

Queen
Áður 189.900 – Nú 149.900

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur,
30% afsláttur,
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

20-25% afsláttur
af teppasettum
og húsgögnum
20% afsláttur
af svefnsófum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FERSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU 20 ÞÚS PAKKAR Í BOÐI



499

GV FERSKT GRÍSAHAKK
499 kr./kg.



899

GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS
899 kr./kg.



899

GV FERSKT GRÍSASNITSEL
899 kr./kg.



899

GV FERSKUR ÚRBEINADUR
GRÍSAHNAEKI 899 kr./kg.



1198

GV FERSKAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.



398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.



899

GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
899 kr./kg.



499

GV FERSKT GRÍSARÍFJASTEIK
499 kr./kg.



20%

AFSLÁTTUR

KS FROSID LAMBAFILLET

20% AFSLÁTTUR **2399 kr./kg.** MERKT VERÐ 2998 KR./KG.



25%

AFSLÁTTUR

KS FROSINN LAMBABÓGUR HEILL

25% AFSLÁTTUR **569 kr./kg.** MERKT VERÐ 759 KR./KG.



159

FROOSH DRYKKIR 250 ml **159 kr.** ATH ÞETTA FRÁBÆRA VERÐ GILDIR TIL 31 JAN.



759

BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR **759 kr./kg.**



179

TRÓPÍ 1 ltr. **179 kr.**



125

PEPSI MAX 2 ltr. **125kr.**



125

PEPSI 2 ltr. **125 kr.**



125

COKE ZERO 2 ltr. **125 kr.**

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



40%
AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT FOLALD
399 kr./kg. 665 KR./KG.

FERSKAR KJÚKLINGA BRINGUR



1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. 30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2220 KR./KG.



399
KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.



40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1798 kr./kg. 40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2998 KR./KG.



259
MYLLU MÖNDLUKAKA
420g 259 kr.



1476
KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1476 kr./kg. 30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2109 KR./KG.



198
BÓNUS NÝBAKAÐAR KRINGLUR
MJÚKAR 4 STK 198 kr.



798
3598
ICELANDPET HUNDAMATUR
12 kg. 3598 kr.
ICELANDPET KATTAMATUR
2 kg. 798 kr. ÍSLENSKT HRÆFNI



198
KARTÖFLUR 2 kg. 198 kr.



159
BYGG FLATKÖKUR
5 stk 159 kr.
NÝTT ÚR ÍSLENSKU BYGGI



298
DILETTO KAFFI 400g 298 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA.



SKAUTAFERÐ með fjölskyldunni er tilvalin helgar-skemmtun. Í Eglshöll er til dæmis boðið upp á sérstakt fjölskylduverð sem miðast við tvo fullorðna og tvö börn og skautaleiga er á staðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

ALLT



Tilvalið fyrir árs hátíðina!

Allt í steik

2. janúar - 28. febrúar

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI BRIGGJA ADALRETTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristugu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlausristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Þráinn hefur unnið á veitingastöðum víðs vegar um heiminn en snýr þó alltaf aftur til Íslands, oftar en ekki með nýjar og ferskar hugmyndir á matseðilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gómsætir humarpinnar

Þráinn Freyr Vigfússon, meðlimur kokkalandslíðsins og matreiðslumaður ársins 2007, lumar á girnilegri uppskrift að humri, en hugmyndina fékk hann þegar hann vann á veitingastað í Chicago.

„Ég útskrifaðist fyrir þremur árum sem kokkur frá Hótel Sögu, síðan þá hef ég unnið á veitingastaðnum Grillinu á milli þess sem ég fer utan í matreiðsluferðir, ef svo má segja,“ segir Þráinn Freyr Vigfússon, aðstoðaryfirmatreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu.

„Ég byrjaði á því að fara til Suður-Frakklands fyrst eftir að ég útskrifaðist og vann á veitingastað þar í nokkra mánuði, sneri síðan aftur heim en hef verið að fara utan með mislöngu millibili til að kynna mér nýjar hugmyndir í matreiðslu. Núna síðast fór ég til Chicago í Bandaríkjunum og var þar í mánuð en ég kom aftur til Íslands rétt fyrir jól,“ segir Þráinn.

Uppskriftin sem Þráinn ætlar að deila með lesendum Fréttablaðsins er að humarmedalíum með mangói og blómkáli, en hana fékk hann af matseðli í Chicago. „Á veitingastaðnum sem ég var að vinna á í Chicago fékk ég nokkrar skemmtilegar hugmyndir sem ég tók með mér til Íslands, enda alltaf gaman að koma með eitthvað nýtt á matseðilinn hérna á Grillinu.“

agnesosk@frettabladid.is

HUMARMEDALÍUR

með mangói og blómkáli **FYRIR 6**

Humarmedalíur
18 humarhalar

Humarinn pillaður og snyrtur, settur á pinna og steiktur í 1 mínútu á hvorri hlið á sjóðandi heitri pönnu.

Blómkálstoppar
100 g blómkálstoppar, skornir snyrtilega
10 ml olía
20 ml vatn
10 g smjör
Salt
Sykur

Topparnir steiktir í olíu á pönnu, vatni bætt út í. Þegar sýður er salti og sykri stráð yfir, smjóri bætt út í og soðið niður þar til blómkálið er orðið gljád.

Mangó-vinaigrette
100 g mangómouk
20 ml hvítvínssedik
150 ml olía
salt
sykur

Mangómoukið og edikið hrært vel



saman. Ölfunni blandað rólega út í. Smakkað til með salti og sykri.

Sítrus- og mangósalsa

½ mangó, skrælt
1 appelsína, skræld
1 mandarína, skræld
1 lime-börkur og -safí
50 ml olívuolía
1 msk. hunang
½ chilípipar
lítil engifer
saxað kóriander og salt

Ávextirnir skornir í teninga og chilípiparinn og engiferið skorið mjög smátt. Öllu blandað vel saman í skál og kryddað til með kóriander og salti.

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

www.nings.is

Frábær tilboð fyrir 2 og fleiri

Tilboð 1

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.

1450
krónur á mann

2900
krónur fyrir tvo

Tilboð 2

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.

1550
krónur á mann

3100
krónur fyrir tvo

NINGGS

Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
S. 588 9899

HELGIN

BRIDDSHÁTÍÐ stendur nú yfir á Hótel Loftleiðum en hún hófst í gær og stendur fram á sunnudag. Keppendurnir eru um þrjú hundruð talsins og hafa aldrei fleiri erlendir spilarar mætt til leiks en í ár.



NÝKOMINN OG BARA FLOTTUR



teg. 5207 - mjög haldgóður BH í CDE skálum á kr. 3850,- og flottar buxur í stíl í SMLXL á kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opíð: mán - fös: 10 - 18, lau 10 - 14
www.misty.is



Nýkomnir glæsilegir dömuskúr úr leðri með skinnfóðri. margir litir. Stærðir: 37 - 41
Verð: 14.450

Misty skóir

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 - 18, lau 10 - 14
www.misty.is



512 5473

AUGLÝSINGASÍMI

Dans um tré viskunnar

Fjögur ný dansverk verða frumsýnd á sýningaröðinni 108 Prototype í kvöld og annað kvöld. Dansflokkurinn Darí Darí Dance company er með eitt af fjórum atriðum á sýningunni sem fram fer á Skúlagötu 26.

„Við erum að fara að sýna verkið Gibbla Yggdrasils sem er nýtt verk eftir okkur,“ segir Katla Þórarinsdóttir sem er ein af þremur atvinnudönsurum í dansflokknum Darí Darí Dance Company.

Verkið verður eitt af fjórum nýjum verkum í sýningaröðinni 108 Prototype. Sýningarnar verða tvær, önnur í kvöld klukkan 21 á Skúlagötu 26, og á sama tíma á laugardagskvöld.

Auk Kötlu eru það Guðrún Óskarsdóttir og Inga Maren Rúnarsdóttir sem mynda Darí Darí-dansflokkinn. Þær hafa dansað saman í eitt og hálf ár og voru með fyrstu sýninguna fyrir ári. „Við settum þá upp sýninguna Hoppala í Norræna húsinu og seinna á listahátíð í Barcelona,“ útskýrir Katla en í allt haust unnu þær stóllur í samstarfi við Íslenska dansflokkinn í danshöfundasmiðjunni. „Við sömdu stutt dansverk og vorum með kennslu og fræðslu í grunnskólum í Reykjavík,“ segir Katla en verk þeirra Gibbla Yggdrasils byggir á þeim grunni.

En hvaðan kemur heitið Gibbla Yggdrasils? „Orðið gibbla þýðir einhvers konar vera. Okkur fannst það passa vel við okkur.“

Við þekjum þessa veru ekki enn þá en kynnumst henni vonandi einn daginn,“ segir Katla glettin en innblásturinn í verkið fengu þær einnig frá aski Yggdrasils



Dansflokkurinn Darí Darí dance company frumsýnir verkið Gibbla Yggdrasils.

og þeirri þekkingu og visku sem trénu fylgir.

Það er UglyDuck.Productions, flokkur sjálfstæðra atvinnudansara og danshöfunda, sem stendur fyrir sýningaröðinni 108 Prototype. Markmiðið með sýningaröðinni sem fór af stað haustið 2006 var að skapa nýjan vettvang þar sem áherslan væri lögð á sköp-

unarferlið, hugmyndir, áhættur og tilraunir í dansköpun.

Aðrir dansarar í sýningaröðinni eru Kama Jezierska sem sýnir sólóverkið Angusta, Steinunn Ketilsdóttir sem sýnir verk í vinnslu og Katrín Gunnarsdóttir sem sýnir sólóverk í vinnslu sem byggir á rannsóknum á ísbjörnum.

solveig@frettabladid.is

TOPPSKÓR Á RUGLVERÐI

40-60% afsláttur af kvenstígvélum

Ponny Sympate
68465005 & 68165003
Litir: Blár, Svart



Verð áður: 6.995 kr.-
Verð nú: **3.995 kr.-**

Style Grand
SPR2803TX
Litir: Rautt, Grænt, Blátt



Sérstakt tilboð
2.495 kr.-

Ecco Snowdrop
E-7877 25105
3 gerðir



Verð áður: 10.995 kr.-
40% afsláttur:
6.597 kr.-

Ecco Snowdrop
E-78762 00809



Verð áður: 10.995 kr.-
40% afsláttur:
6.597 kr.-

Cruiser stígvél
CRU508223
Litir: Svart, fjólublátt, beige



Verð áður: 7.995 kr.-
Verð nú: **4.495 kr.-**

Barnaskór
E-70452 52944
Litir: Marine blár



Verð áður: 6.995 kr.-
Verð nú: **3.995 kr.-**

Toppskórinn outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

OPÍÐ MÁN.-FÖS. 11 - 18 • LAU. 11 - 16 • SUN. 12 - 16

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

MaxMara MARINA RINALDI

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862



Fermining í Flash

- Kjólar
- Ermar
- Leggings
- Skart



Laugavegi 54,
sími: 552 5201

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. janúar 2009

Vala Matt
er að vinna
að nýju og
spennandi
verkefni

BREYTIR ÍMYND ÍSLANDS

✿ LÁTA EKKERT
STOPPA SIG Í
KREPPUNNI

Svava Johansen og Björn
Sveinbjörnsson eru byrjuð
að byggja við Fossvogshúsið

✿ RÓMANTÍSKUR
OG ELEGANT
FATASTÍLL

Silvia Santana Briem opnar
heimili sitt og sýnir gersemarn-
ir sem leynast í fataskápnum

✿ FRÍSKAÐU
UPP Á
ÚTLITIÐ

Á þessum árstíma er
mikilvaegt að hugsa
um húðina



Ný barnablöð
nýtt garn



Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

núna

* vertu í massamiklu stuði



PÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR STANGASTÖKKVARI

Í dag er ég að þjálfa og æfa. Á morgun fæ ég vini mína í morgunkaffi, kíkí á æfingu, horfi líklega eitthvað á mótið og slaka svo bara á restina af deginum. Á sunnudaginn er ég að þjálfa fjóra stangarstökkvara sem eru að fara að keppa á Meistaramóti Íslands fyrir 15 til 22 ára. Svo verður bara fylgst með fréttum.

helgín
MIN

Klifur og safarí í Afríku

Stephan Stephense, betur þekktur sem President Bongo úr hljómsveitinni GusGus og frú, voru að koma frá Afríku. Þar klifu þau meðal annars hið fræga fjall í Tansaníu, Kilimanjaro, en á því er hæsti tindur Afríku sem



er hvorki meira né meinnna en 5.891,8 metrar á hæð. Þar mun ekki hafa verið svikið af náttúru-fergurð landsins því eftir sex daga klifur tók við safariferð áður en haldið var aftur heim á klakann.



„Spice Girls“ á Q-bar

„Við ákváðum að vera með svona „reunion“,“ segir Óli Hjörtur Ólafsson sem treður upp ásamt fríðum flokki á Q-bar annað kvöld. „Skjöldur Eyfjörð er Ginger Spice, Atli Freyr er Baby Spice, Omel er Victoria, Georg er Scary Spice og ég er Sporty Spice. Við vorum að vinna saman fyrir tólf árum þegar við ákváðum að halda nokkrar sýningar á Ingólfs-café, en nú verður þetta bara „one night only“,“ bætir hann við. Draggkóngur Íslands 2008 verður kynnrir og fyrstu gestir kvöldsins fá fordrykk í boði hússins, svo það er um að gera að mæta tímanlega.

þetta
HELST

SVAVA JOHANSEN OG BJÖRN SVEINBJÖRNSSON KAUPMENN Í SAUTJÁN

LÁTA HJÓL ATVINNULÍFSINS SNÚAST

Svava Johansen kaupmaður í Sautján og unnusti hennar, Björn Sveinbjörnsson, láta efnahagsástandið ekki stoppa sig. Síðsumars keyptu þau hús að Kvistalandi 1 en fyrir áttu þau annað hús í götunni að Kvistalandi 12. Eftir að þau keyptu húsið sóttu þau um leyfi til að stækka það um rúma 100 fermetra og í október fengu þau leyfi fyrir því hjá bygginga-fulltrúa. Meðan flestir aðrir halda að sér höndunum er allt komið á fulla ferð hjá Svövu og Birni.

„Þetta er eitthvað sem við vorum búin að ákveða fyrir löngu. Við keyptum húsið fyrir hrúnið og settum allt á „hóld“ fyrir nokkrum mánuðum. Við erum bara búin að vera róleg og skynsöm með þetta og erum núna að byrja að grufna í þessu. Við lítum svo á að það megi ekki stoppa atvinnuhjólina alveg og með þessu erum við að tryggja átta til tíu iðnaðarmönnum vinnu. Við erum að reyna að tryggja 150 manns vinnu í fyrirtækinu okkar og þegar iðnaðarmenn voru að hringja og spyrja hugsuðum við með okkur að við gætum tryggt þeim vinnu með þessu. Við komum okkur ekki upp úr þessu ástandi nema að fólk sem hefur aðstöðu til og er til dæmis með fyrirtæki, láti hjól atvinnulífsins halda áfram að snúast,“ segir Svava sem lætur ekkert stoppa sig. Þegar búið verður að byggja við húsið verður það alls 412,6 fermetrar og því ætti ekki að væsa um parið.



Kvistaland 1 Allt komið á fulla ferð. Gröfurnar eru byrjaðar að grafa fyrir viðbyggingunni. Svava segir að það megi ekki stöðva hjól atvinnulífsins þótt á móti blási.

Svava Johansen og Björn Sveinbjörnsson Hlakka til að flytja í Fossvoginn en framkvæmdir við húsið hófust aftur í vikunni eftir langt hlé.

Fjölirnir Þorgeirsson og Sjöfn Sæmundsdóttir: Gifting innan tveggja ára

„Ég get ekki sagt annað en að hún sé sannspá,“ segir kvennagullíð Fjölirnir Þorgeirsson um spákonuna Sigríði Klingenberg sem spáði því síðasta sumar að Fjölirnir myndi finna þá einu réttu innan skamms. Ekki leið á löngu þar til spáin rættist því ástin tók að blómstra á milli Fjölnis og Sjafnar Sæmundsdóttur á Landsmóti hestamanna í júlí. Um áramótin trúlofuðu þau sig og segir Fjölirnir brúðkaup ekki vera langt undan. „Ef allt gengur eftir giftum við okkur innan tveggja ára. Það verður ekki næsta sumar, heldur líklegast eftir eitt og hálf ári,“ segir Fjölirnir sem er búsettur ásamt Sjöfn í Hveragerði. „Við erum bæði í hestunum, erum að temja, rækta og selja. Við vinnum saman alla daga, sem hefur sína kosti og galla, en það er góð leið til að henda sér út í djúpu laugina og þannig er maður fljótur að sjá hvort hlutirnir eru að ganga,“ segir Fjölirnir brosandi.

Ástfangin Fjölirnir og Sjöfn eru búsett í Hveragerði, eru bæði í hestamennskunni og vinna saman alla daga.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir á von á barni Alveg í skýjunum

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Vinstri grænna og skákdrottning, á von á sínu fyrsta barni með unnustu sinni, Steinu H. Blöndal ljósmóður. Það kemur í hlut Steinu að ganga með barnið og er það væntanlegt 10. apríl. Það er skemmtilegt að segja frá því að Steina á einmitt afmæli þann sama dag. Það væri því ekki úr vegi að fá barn í afmælisgjöf. Mikill spenningur er hjá þeim stöllum fyrir komu erfingjans. „Þetta er himnasending og guðsgjöf og við erum í skýjunum yfir þessu. Þó svo allt sé að hrynja þá er þetta óendanleg gleði sem heldur okkur gangandi,“ segir Guðfríður Lilja og bætir því við að með fæðingu barnsins muni gamall draumur rætast. „Þetta verður lítið byltlingarbarn,“ segir hún og hlær. Aðspurð hvort hún viti kynið segir hún svo ekki vera.



Guðfríður Lilja Grétarsdóttir Er alsæl yfir væntanlegri fjölgun í fjölskyldunni en um leið rættist gamall draumur.

* augnablikið



HELVÍTIS FOKKING FOKK Ólást algerlega nýja merkingu þegar það er búið að bróðera það á húfu. Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson er ekki vanur að fara hefðbundnar leiðir og auðvitað er betra að hafa þetta bróðerað á fatnað heldur en burðast með skilti, það gefur auga leið.

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is



Way of Life!

SUZUKI

fyrir skynsamt fólk

SX4 Sportjepplingurinn.
Með 1.6 eða 2.0 l vél



Verð frá 2.990.000
Meðaleyðsla frá 7,1 l/100 km

Fjölskyldubílinn Grand Vitara.
Sport, Limited, Luxury V6, Sport og Limited diesel



Verð frá kr. 3.840.000
Meðaleyðsla frá 7,7L/100km (diesel)

Sparaðu með vishæfum
Suzuki Splash



Verð frá 1.970.000
Meðaleyðsla frá 4,9L/100km

Swift - bensín eða diesel.
Handskiptur, sjálfskiptur, 4x4
1,3L eða 1,5L vélar



Verð frá 2.190.000
Meðaleyðsla frá 4,5 L/100km (diesel)

Upplifðu einstaka
aksturseiginleika Jimny.
Handskiptur, sjálfskiptur



Verð frá kr. 2.590.000
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOD Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

núna

* leyfðu skvísunni að blómstra



SMART VETRARSTÍGVÉL Þessi rúskinnsstígvél henta sérlega vel í febrúarsnjóinn og svo eru þau undurfögur í þokkabót. Þessi stígvél gera hvert dress að megaskvísufötum. Þau fást hjá Práni skóara.



Silvia Santana Briem nemi

Þælir mikið í smáatriðum

Getur þú lýst þínum stíl?

Dagsdaglega kys ég að klæðast þægilegum fötum í mildum tónum. Ég er mest í gallabuxum, aðsniðnum skyrtum, bómullarbolum og þunnum mjúkum peysum undir blazer-jakka. Svo nota ég mikið stígvél, belti og klúta. Mér finnst gaman að blanda saman flaueli, satíni og/eða silki, blúndu, mjúkum bómullar-, kasmír- og ullarblöndum, ég þæli mikið í smáatriðunum.

Uppáhaldsliitapalletta?

Grár, brúnn, beige, vínrauður, kóngablár, ólívugrænn og túrkís.



Hvað keyptir þú þér síðast?

Gráa hné-háa sokka með grári flauelslaufu.

Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt? 8. bekkur í Hagaskóla, þegar ég klæddist Russell Athletic-íþróttafötum frá toppi til tótt.

Í hvað myndir þú aldrei fara? Jakka með axlapúðum, fót í skærum litum eða skræpótt.

Uppáhaldsmerki? Massimo Dutti, Zara, Adolfo Dominguez, Victorio & Lucchino, Oscar de la Renta.

Hverju ertu veikust fyrir þegar kemur að fatakaup-

um? Fingerðum og mjúkum peysum, brúnum leðurstígvélum og hælaskóm.

Eru einhver tiskuslys í fataskápnum þínum? Ekkert sem ég man eftir. Ég hef passað að grisja fataskápinn minn reglulega þannig að ég losni við kjánahrollinn sem fylgir því að finna eitthvað sem ég hefði aldrei átt að kaupa.

Af hvaða líkamsparti ertu stoltust af og hvernig undirstrikar þú hann með klæðaburði? Engum sérstökum. Reyni bara að klæða mig þannig að fötin samsvari sér vel.

Mundu mig

SagaMemo inniheldur virk efni úr ætíhvönn og blágresi. SagaMemo er fyrir þá sem vilja viðhalda góðu minni.

SagaMemo fyrir gott minni!



Nýtt!

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is



Fáanlegt í lyfja- og heilsuvöruverslunum og völdum stórmörkuðum

1 Dökkbláar gallabuxur, Zara, teinótt skyrtu og peysa, Massimo Dutti, hælaskór, Aldo, blazer, Massimo Dutti, belti, Massimo Dutti x og hálsmen, Agatha 2 Brúnir hálfopnir leðurskór, Hugo Boss 3 Hálsmen m/marglitum steinum, Agatha 4 Ljósbleik kasmírpeysa, Sand 5 Silfurgrár teinóttur blazer, Massimo Dutti 6 Ljósbrúna kápan er frá Benetton 7 Gráar gallabuxur úr Topshop, bleik silkiskyrtla, Sand, dökkbrún stígvél, Kron, perluhálsfesti, Agatha.



TAMMAN sett, 5 stk.
Settið inniheldur 4 stóla og borð
h74 X B90 X L90 / 531337
var 29.900.-

nú 8.970.-



SVEFNSÓFI
Á myndinni sést hvernig
sófinn dregst út
var 89.900.-

nú 26.900.-

útsala!

lokadagur útsölnunnar
er sunnudaginn
1. Febrúar!



PÚÐAR
var 2.590.-

nú 777.-



TANIMBAR skápur
var 32.900.-

nú 9.870.-

the
PIER

Síðustu dagar útsölnunnar!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

VINNUR FYRIR GLEÐINA

Valgerður Matthíasdóttir hefur verið reglulegur gestur inni á heimilum landsmanna í 23 ár. Með frumkvöðlakraftinum hefur hún náð að endurnýja sig reglulega og hennar mottó er að sinna aldrei leiðinlegum verkefnum. Nú fetar hún nýjar og spennandi brautir og leggur sín lóð á vogarskálarnar til að breyta ímynd Íslands

Viðtal: Marta María

Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Hár: Masha Salon VEH

Jákvæðnin og gleðin drýpur af Valgerði Matthíasdóttur eða bara Völu Matt eins og hún er jafnan kölluð. Undanfarið ár hefur lítið farið fyrir henni í fjölmiðlunum en það er þó ekki hægt að segja að hún hafi setið auðum höndum. Vala hefur verið að vinna þróunarvinnu og undirbúa jarðveginn fyrir verkefni sem brátt mun líta dagsins ljós. Hið nýja verkefni mun þó ekki vera í formi sjónvarpsþátta heldur er hún að vinna innslög fyrir Höfuðborgarstofu. Þegar hún er spurð að því hvort hún hafi verið orðin leið á hefðbundinni sjónvarpsvinnu segir hún svo ekki vera, hún elski sjónvarpsvinnuna. Hún jatar þó að hún þrífist best í frumkvöðlastarfi og þegar hún fer út fyrir þægindarammann sinn í nýjum og framandi verkefnum. „Þegar við Jón Óttar og Hans Kristján stofnuðum Stöð 2 á sínum tíma upplifði ég ótrúlega spennandi tíma og var alveg í essinu mínu og sama má segja þegar ég tók þátt í stofnun Skjás eins. Í dag hef ég sömu tilfinningu fyrir birtingu á lifandi efni á Netinu sem er í raun orðin alheimssjónvarpsstöð. Það er lyklatríði fyrir mig að vera í stöðugri þróunarvinnu. Að endurnýja mig og ögra sjálfri mér. Ég hef alltaf hætt í þeim þáttum sem ég hef verið að vinna að þegar ég hef fundið fyrir leiða og mér fundist ég vera farin að endurtaka mig. Þá bý ég mér til ný verkefni og fer í aðrar áttir. Nú finnst mér næsta ævintýri liggja á internetinu. Og það sem er svo skemmtilegt við Netið er hvað það er orðinn stór hluti af okkar daglega lífi. Í raun er

það stærsta sjónvarpsstöð heims í dag þar sem þú vinnur efni og sendir út fyrir alla heimsbyggðina! Mér finnst það alveg stórkostlegt og það opnar stærsta gluggann út í heim. Móðir mín til dæmis í eldri kynslóðinni getur ekki án þess verið og sækir jafnvel ráðstefnur í gegnum tölvuna og er þá í raun að horfa á beina útsendingu. Þetta er náttúrulega þvilkigt ævintýri og er rétt að byrja! Í dag er Netið að verða lyklatríði í öllu okkar daglega lífi. Svo hefði Obama til dæmis aldrei náð svona yfirburðakosningu nema af því að hann nýtti sér Netið óspart í sinni kosningabaráttu. Og í dag sjáum við einnig áhrif Netsins hér heima í allri okkar þjóðmálaumræðu,“ segir hún. Innslögin sem Vala er að vinna að fyrir Höfuðborgarstofu fjalla aðallega um menningu, hvort sem það er íslensk hönnun, arkitektúr, matarmenning eða söfn og listagallerí og margt fleira. Í þeim fangar hún þá stemningu sem ríkir í Reykjavík. Markmiðið er að fá enn þá fleiri erlenda ferðamenn til landsins og breyta um leið ímynd landsins út á við.

Verkefnið vinnur hún náið með Sif Gunnarsdóttur, forstöðumanni Höfuðborgarstofu. „Sif hefur skýra framtíðarsýn og er einstaklega lifandi og skemmtileg og það er mjög gaman að vinna þetta verkefni með henni. Allt kvikmyndað efni geri svo í samvinnu við strákana hjá kvikmyndafyrirtækinu Filmus, en þeir eru algjörir snillingar. Ég vinn innslögin alveg eins og ég væri að gera efni fyrir sjónvarpsþátt nema við munum birta þetta á Netinu,“ segir hún og það lifnar yfir henni þegar hún telur upp allt það dásamlega sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Vala er mikil stemningsmanneskja og á auðvelt með að hrífa fólk með sér þegar hún upplifir eitthvað skemmtilegt.

JÁKVÆÐUR SKÖPUNARKRAFTUR

Hvernig ætlar þú að breyta ímynd Íslands? „Þegar fólk fer á Netið hvar sem er í heiminum og skoðar þetta efni frá Reykjavík sér það hvað borgin hefur upp á mikið að bjóða. Ég er einnig að fara að miðla þessari þróunarvinnu til landsbyggðarinnar því úti á landi leynast ótrúleg ævintýri og flottir og spennandi hlutir sem ég hef kynnst í minni sjónvarpsvinnu og nú þarf að draga fram og sýna á meira lifandi hátt. Það er alveg ómetanlegt fyrir þá ímynd sem við þurfum að senda út í heim,“ segir hún og bætir því við að þetta starf sé mjög gefandi. „Þetta er eitt skemmtilegasta verk-



Með jákvæðina að vopni Vala Matt ætlar að leggja sitt af mörkum til að laga ímynd Íslands út á við.

efni sem ég hef unnið. Umfjöllun um Ísland á alþjóðavettvangi hefur að undanförmu verið nær öll á neikvæðum nótum. Það er búið að flytja nær eingöngu neikvæðar fréttir frá Íslandi og það er því mjög mikilvægt að sýna hina hliðina á Íslandi og snúa vörn í sókn. Við verðum að sýna hvað við erum mikil menningarþjóð og hvað hér er mikill jákvæður sköpunarkraftur. Það eru því forréttindi að fá að

taka þátt í þessu uppbyggingarstarfi og láta gott af sér leiða.“

SKIPTI UM GÍR

Um mitt síðasta ár ákvað Vala að selja glæsilega íbúð sína í Garðabænum og flutti aftur í minna húsnæði í 101 í Reykjavík, í hús teiknað af einum af hennar uppáhalds arkitektum Guðna Pálssyni. Sástu hrunið fyrir? „Nei ég sá það nú ekki fyrir en ég sá það í hendi

mér að öll þessi tómu hús myndu ekki seljast í bráð og var því svo heppin að selja áður en allt fraus á fasteignamarkaðinum. Ég veit ekki hvaða heillavættir vöktu yfir mér, en ég gat greitt upp nokkur lán og varð frjálsari fyrir vikið. Svo gat ég einbeitt mér að þessari undirbúnings- og þróunarvinnu. En það hefur verið kostað sitt að byrja á svona glænýju og áður

bak við tjöldin

Besti tími dagsins:

Ég hef alltaf verið morgunhani. Þó eru morgnarnir misjafnir. Stundum vakna ég með kvíðaverk í maganum þar sem ég er alltaf að berjast við fáránlega fullkomnunaráráttu og þar af leiðandi alltaf hrædd um að standa mig ekki nógu vel. En oftast vakna ég með tilhlokkun.

Uppáhaldsmaturinn:

Allur lífrænn matur. Get orðið illa borðað mat með auka- eða eitrefnum. Er orðin mjög matvönd. Finnst í rauninni sjálf-sögð mannréttindi að allir fái að borða lífrænan eiturlausan mat en hann er bara allt of dýr. Elska líka franskar kartöflur og litla kók í gleri!



Hvernig heldur þú þér ungrí?

Ég veit að það hljómar dálíðið „boring“ en ég borða mjög meðvitað hollan og lífrænan mat og nota ýmis trix í matargerð sem ég hef lært af henni Söllu Eiríks. Ég hef aldrei reykt eða drukkið og svo er ég kvöldsvæf sem gerir það að verkum að ég fæ alltaf meira og minna góðan svefn. Svo nota ég besta krem sem hægt er að fá, en það er Secret De Vie kremið frá Lancôme. Get helst ekki án þess verið.

Ég lít mest upp til:

Foreldra minna, þau eru hugsjónafólk og kenn-



arar. Faðir minn var eldklár og ótrúlega skapgóður og hlýr. Móðir mín er engri lík. Yfirburða gáfuð.

Draumafrið:

Annaðhvort til einhverrar af borgunum í kringum okkur í langa helgarferð. Vera á skemmtilegu hóteli og fara á spennandi veitingastaði. Eða Ítalíuferð þar sem skoðaður er arkitektúr og hönnun og borðað yfir sig af ítölskum mat. Algjört ævintýri!



óþekktu verkefni. Ekki bætir úr skák að öll lán hækka bara og hækka og lífeyrissjóðurinn skertist. Ég hef alltaf látið hjartað ráða för og hef aldrei stjórnað af peningum. Ef svo hefði verið væri ég í einhverri allt annarri vinnu en fjölmiðlavinnu. Ég var líka alltaf með það á planinu að flytja aftur í bæinn því krakkarnir mínir vilja búa þar og hafa ekki nennt að vera mikið á ferðinni í Garðabænum. Ég sá því að ég yrði að flytja þó mér hafi líðið mjög vel við sjóinn í Sjálandinu. Það er ótrúlega gaman að vera kominn aftur í miðbæinn. Hér geng ég nokkur skref og er þá kominn á öll skemmtilegu kaffihúsin og galleriín. Ég er samt áfram með sjávarútsýni sem mér finnst yndislegt. Mér finnst líf mitt hafa orðið fjölbreyttara og meira spontant eftir að ég flutti. Þegar ég bjó í Garðabænum nennti ég ekki eins að rjúka út úr húsi án fyrirvara. Þetta hefur því sannarlega auðgáð líf mitt," segir Vala

ÞRÍFAST BEST Í BARÁTTU

Þegar talið berst að breyttu þjóðfélagi segist Vala fyllast krafti þegar á móti blási. „Ég þrífst mjög vel í baráttu. Mér hefur alltaf fundist skemmtilegast að vinna frumkvöðlastarf með eldhugum og það er yfirleitt sprettið fram af einhvers konar byltingu. Þjóðin er í erfiðleikum. Þegar staðan er eins og núna kemur baráttuandinn upp í mér og það finnst mér mikil ögrun. Að leggja mitt af mörkum til að bæta ímynd Íslands úti í heimi finnst mér alveg ómetanlegt og alveg nauðsynlegt að halda í jákvæðnina og fókusera á það sem er fallett og gott. Það hefur alltaf verið rauður þráður í minni fjölmiðlavinnu, hvort sem það hefur verið í sjónvarpi, útvarpi eða prentmiðlum. Ég hef aldrei viljað vera með neikvæða umfjöllun. Ég hef valið að skoða það fallega og miðla því sem vel er gert. Það er nóg af neikvæðu röddunum.

Það er einmitt núna sem við þurfum að sjá sóknarfærin í ástandinu eins og það er í dag. Sjónvarpsstöðvarnar fjalla alls ekki nægilega mikið um sprotafyrirtækin, hugmyndirnar og það fólk sem er að koma með lausnir og hugmyndir að nýjum leiðum," segir hún. Hvernig ferðu að því að vera svona jákvæð? „Mér getur nú stundum fundist erfitt að vera jákvæð en það hefur alltaf verið mér svo eðlilegt að reyna að snúa neikvæðu yfir í jákvætt. Það hefur í raun litað allt mitt líf. Þannig hef ég verið frá því ég man eftir mér og margir til vitnis um það. En auðvitað krefst það stöðugrar áminningar og vinnu. Það gerist ekki af sjálfu sér, en léttir ótrúlega lífið þegar erfiðleikar sækja að. Og við höfum aldrei þurft eins mikið á því að halda og nú sem þjóð.“

Mesta dekríð:

Heilsubótardagur eins og hún Sigrún Olsen var með bæði á Reykhólum og Akureyri. Það sem ég lærði hjá henni bjargaði lífi mínu! Svo finnst mér frábært að stunda jóga hjá Ingibjörgu Stefánsdóttur í Yoga Shala.

Áhrifavaldurinn:


Svo margir á svo ólíkum tímabilum í lífinu en ég er alltaf að læra.



REGGIO CALABRIA

Ása María Reginsdóttir

MORGUNMATURINN: Hérna á Ítalíu finnst mér best að búa mér til pressaðan agúrku- og sellerissafa, bragðbæta hann með nýkreistum sítrónum og setja svo örliði af Turbo Greens frá Dr. Gillian út í, þamba hann og þá glaðvakna ég.



SKYNDIBITINN: Reggio Calabria býður aðeins upp á McDonalds þegar kemur að þessum týpiska skyndibita. Ég fæ mér frekar pitsu með mozzarella di bufala, ferskum tómötum og basiliku þegar mig langar í eitthvað fjötlegt og gott.

RÓMÓ ÚT AÐ BORDA: Ég og Emil kærasti minn eigum okkur einn uppáhaldsveitingastað hérna í Reggio. Sá heitir Via Veneto og býður upp á ekta ítalskan mat. Sjávarrættirnir þar eru æðislegir, pastað mjög ítalskt og hálf metra löngu pitsurnar þeirra eru ómótstæðilegar.

LÍKAMSRÆKTIN: Það eru nokkrir góðir tennisvöllir hérna í nágrenninu sem ég hef gaman af að fara á. Ég á mér draum um að verða góð í tennis og því kjórið að æfa sig hérna. Svo er líka hollt og gott að fara út að hlaupa meðfram strandlengjunni.

UPPÁHALDSVERSLUN: Aðalbúðin í borginni heitir Foti G og hana á

samnefndur eigandi fótboltaíðsins Reggina Calcio. Þar selur hann heitar merkjavörur á aðalstjórnur borgarinnar.

BORGIN mín

BEST GEYMDA LEYND-ARMÁLÍD: Er ítalskan. Allra einasta tungumálið sem hér er talað!

BEST VIÐ BORGINA: Sólin kemur snemma upp á morgnana og sest ekki fyrr en hún á að setjast, það er að segja á kvöldin. Og svo elska ég að geta lagt bílnum hvar sem er, hvenær sem er án þess að nokkur kippi sér upp við það.

BEST AÐ EYÐA DEGINUM: Það er fullkomið að byrja daginn á markaðnum, finna sér eitthvað gott að borða þar og ganga svo niður á strönd. Á ströndinni er mikið fjór á sumrin, mikið um lifandi tónlist, lítið um túrisma og því gaman að skemmta sér meðal innfæddra langt fram á nótt.

FULLKOMIN HÚÐ MEÐ HVÍTU TEI

A perfect world húðserum frá Origins er ekkert venjulegt andlitskrem. Það gerir húðina silkimjúka og kemur í veg fyrir að ummerki öldrunar sjáist í andlitinu. Hvítt te varnar því að húðin slítni eða þorni og boswellia virkjar streitulosandi prótín auk þess sem það verndar húðina gegn umhverfisáhrifum. Mimosa, appelsína og bergamotviður gefa ljúfan náttúrulegan ilm. Serumið má nota bæði kvölds og morgna, bæði undir dagkrem, farða eða eitt og sér. Það hentar öllum húðgerðum og mjúk áferðin kemur í ljós samstundis.



NÝJAR GALLABUXUR KOMNAR !

MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM NÝJUM "TÝPUM"



OPIÐ
FÖSTUDAG 11-18.30
LAUGARDAG 11-17.

REYKJAVÍK STORE, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf

G-STAR RECORDS g-star.com

Útlit

* út með öll kemísk efni



LA BASE FRÁ LANCÔME Til að fá sem fallegasta áferð á húðina skaltu bera á þig La base frá Lancôme. Þetta undragel sléttar húðina og gerir hana silkimjúka og dásamlega. Þetta er sérstaklega gott fyrir húðina í frosti og kulda.

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR martamaria@365.is

SLÍPAÐU DEMANT- INN Í MYRKRINU



Á dögunum var ég stödd hjá vinafólki mínu þegar líkamsrækt og aðrar mannbætandi at-hafnir bárust í tal. Vinur minn tilkynnti að hann væri svo sannarlega ekki í átaki, hann væri bara aðeins að slípa demantinn.

GERÐU LÍFID SKEMMTILEGRA Þetta fannst mér alveg frábær frasi enda hlýtur að vera mun skemmtilegra að hlaupa af sér spikið þegar litid er á fellingar og aukakíló sem eitthvað dásamlegt en ekki lýti á eigin útliti. Það að hugsa um heilsuna á þar fyrir utan ekki að vera í „leiðinlega flokknum“ í lífi okkar heldur eitthvað dásamlega skemmtilegt og eftirsóknarvert.

VELDU RÉTTAN KLÆÐNAÐ Það er þó hægt að „slípa demantinn“ í fleiri liðum en með líkamsrækt. Það að velja sér réttan klæðnað hefur ótrúlega mikið að segja og oft er hægt að klípa af sér mörg kíló með réttu fötunum. Þegar við erum í rétt samsettum fatnaði sem klæðir okkur vel þá gefum við frá okkur svo góða og jákvæða strauma að líf okkar verður mun betra fyrir vikið.

VELDU RÉTTA FATASTÆRÐ Það er mjög mikilvægt að velja sér fatnað í réttri stærð. Of lítil föt gera ekkert fyrir okkur nema skapa óþægindi. Buxur sem eru of þröngar í strenginn láta okkur líta út fyrir að vera breiðari um okkur miðjar en við erum í raun og veru. Of þröngir bolir gera brjóstahaldarafarið enn þá meira áberandi en það er í raun og veru. Í sjónvarpinu sést langbest þegar fólk er í of þröngum jökkum, þá ýtast herðapúðarnir upp og fólk verður ólöglegt í laginu.

BREYTTU OG BÆTTU Á tímum sem þessum þar sem nægjusemi er dyggð er afar mikilvægt að yfirfara fataskápinn sinn. Best er að taka allt út úr honum, máta hverja flík áður en hún er sett inn aftur. Svo er ekki úr vegi að reyna að sjá ljósið í gömlu fötunum og finna nýjar og spennandi samsetningar án þess að bæta nýju í skápinn. Ekki gleyma því heldur að það er yfirleitt hægt að breyta fötum og bæta ef þau passa ekki alveg inn í okkar nýju tilveru.

PRÓFAÐU BARA Þótt ný föt framkalli oft mikla gleði og hamingju þá er hægt að upplifa slíkt hið sama þegar við röðum gömlu fötun-um okkar rétt saman. Prófiði bara ...

Nýtt frá L'Occitane:

Afbragðskrem með afrískum blómum

L'Occitane hefur valið fimm mismunandi afrísk blóm fyrir nýtt Ultra Rich Body krem sem kemur aðeins út í takmörkuðu upplagi. Kremið er gefið út í tilefni af 20 ára afmæli Shea butter línu L'Occitane, en Shea butter hefur einstaklega mýkjandi eiginleika. Nýju Ultra Rich Body kremin innihalda öll 25 prósent Shea Butter og fást með ilmi af Acaci Robinia frá Túnis, rósaillm frá Marokkó og vanillu, Frangipani og Ylang Ylang frá Madagaskar.

Kremin eru mjög rakagefandi og henta því sérstaklega vel fyrir þurra og viðkvæma húð. Þau skilja ekki eftir olíukennda áferð heldur smjúga fljótt inn í húðina og veita raka í allt að sólarhring eftir að þau eru borin á líkamann.

Takmarkað upplag Ultra Rich Body kremin koma aðeins í takmörkuðu upplagi með afrískum blómum og fást í fimm mismunandi tegundum.

Dekraðu við þig í vetrarkuldanum með þessu nærandi kremi frá L'Occitane á meðan náttúrulegur blómilmur Afríku leikur um þig.



Einfalt Ólafur segir umbúðirnar undirstrika einfaldleikann varanna sem innihalda hvorki ilm- né litarefni.

Gæðavörur frá Gamla apótekinu:

HÚÐVÖRUR SEM ERU ÁN ALLRA AUKEFNA

Gamla apótekið byggir framleiðslu sína á gömlum uppskriftum sem hafa verið þróaðar í samstarfi við lækna og lyfjafræðinga. Vörurnar innihalda gæða hráefni, lágmarks rotvarnarefni og eru algjörlega lausar við öll ilm- og litarefni,“ segir Ólafur Kristinsson lyfjafræðingur um húðvörur Gamla apóteksins sem hafa verið

framleiddar frá 1953 og henta jafnt börnum sem fullorðnum.

„Vörurnar eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðakröfum, undir handleiðslu lyfjafræðings. Þær eru upplagðar fyrir þá sem hafa þurra húð og þá sem þurfa góð, mýkjandi og rakagefandi krem samhliða húðlyfjameðferð. Gamla apótekið býður líka upp á

úrval vara til varnar og meðhöndlunar á harðri húð, kælandi, kláðastillandi- og sóttþreinsandi vörur, svo eitthvað sé nefnt. Vörurnar henta fyrir alla sem kjósa vandaðar húðvörur, ekki síst fyrir þá sem þola illa aukefni í kremum,“ bætir hann við, en vörur Gamla apóteksins fást í flestum apótekum um land allt.

- ag

ILMAÐU Á ÞORRANUM



Notorious-ilmvatnið frá Ralph Lauren er bæði djarft og kynþokkafullt. Kryddaður ilmurinn endist lengi og hentar vel í vetur, en hann ber vott af súkkulaði-, kanil- og moskuslykt. Notorious er ilmvatn fyrir sjálföruggar konur sem vilja vekja athygli.



Giorgio Armani hefur nú sent frá sér „Intense“ útgáfu af Emporio Armani Diamonds ilmvatninu. Spannandi kvenlegur blómilmurinn sem samanstendur af rósum, rífsberjum, patchouli og vanillu. Ómótstæðileg og tælandi blanda.



Unlimited-útgáfan af Fuel for life frá Diesel er spennandi nýr ilmur. Gullinn ávaxtailmur mætir krydduðum blómum með vott af viði og ferskjum. Ilmvatnið er ekki síður flott gjöf því glasið er ekki síður flott, klætt heklaðri hlíf og gullkeðu. Fágúð lykt sem passar vel við öll tækifæri.

LANCÔME
PARIS



Bylting: sjálfvirkur titrandi maskari.
Margföld, lengri, aðskilin augnhár.

ÔSCILLATION

Titrandi. Takmarkalaus. Orkumaskari.

Fyrsti sjálfvirki titrandi maskarinn frá Lancôme: 7000 ör-hreyfingar á mínútu

Lancome.com

tíðin

* farðu út á snjóbotu...

HEIÐUR Ekki missa af þessu einstaka verki um ástina, hjónabandið, fórnir og réttlætningar. Verkið er eftir margverðlaunaðan ástralskan höfund og fjallar um gráa fiðringinn. Skelltu þér í kassann í Þjóðleikhúsinu og sjáðu einvala lið leikara í áleitinni og áhuga-verðri sýningu.

MÁLVERKASÝNING Inacio Pacas, sem er betur þekktur sem Pacas úr hæðinni, opnar sýningu á málverkum sínum á Sólon Íslandus á sunnudaginn. Beggi og Pacas hafa bæði sýnt og sannað að þeir kunna að innrétta og eru afbragðskokkar svo nú er um að gera að sjá málverk Pacasar á sýningunni sem stendur yfir til 1. mars.

DÍANA MIST

Föstudagur 23. janúar: Hvar er allt kjötið?

Ég er alveg með það á hreinu að það er á tíu ára plani að flytja í Garðabæ. Til að tékka enn þá betur á stemningunni smyglaði ég mér með vinum mínum á þorablót Stjörnunnar. Aðallega þó í maka-leit en mér hefur einhvern veginn skilið á vinum mínum að sætustu gæjana sé að finna í þessu bæjarfélagi. Varð því fyrir ógurlegum vonbrigðum þegar ég komst að því að allir heitustu og sleikvænu bitarnir voru fráteknið...



Parna var til dæmis **Jón Haukur Baldvínsson**, markaðssnillingur hjá Marel, og mágur hans, **Bjarni Benediktsson**, sem fékk engan frið til skemmtana-halds því allir vildu ræða stjórnmálin á fimmta glasi. Þar voru líka **Svava**



Johansen, Lóló, Guðlaug Halldórsdóttir hönnuður, hin fagra **Inga Lind** fjölmiðlakona, **Porkell Máni** útvarpsmaður, **Jason Ólafsson** fyrrum handboltakappi, **Bryndís Ásmundsdóttir** leikkona, **Helgi Björnsson** og **Þórunn Clausen** leikkona. Þar var líka fasteignasalinn **Gummi Th.** **Þóra Margrét Baldvinsdóttir** hönnuður og **Auður Guðmundsdóttir** hjá VÍS. Varð fyrir svo miklum vonbrigðum með úrvalið að ég ákvað að drífa mig heim svo ég yrði hress fyrir morgundagurinn, tvísturinn yrði það þessa helgi...

Laugardagur 24. janúar: Magnað stelpustuð

Kíkti í geðveikt stelpupartý hjá **Marín Magnúsdóttur** eiganda Practical. Þar var stuðið allsráðandi. Þar var **Hanna Stína** innanhússarkitekt, grafíski hönnuðurinn **Baddý**, **Hrafnhildur Vala** hjá Landsbankanum, **Kristín Eva** hjá Gagarín og **Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir** blaðamaður á Mogganum. Eftir marga drykki og hressilegar samræður var ferðinni heitið á B5. Þar voru fallegustu tvíburar landsins, **Óttar** og **Ómar Guðnasynir** og **Elli Schram**. Þar var líka lögmaðurinn **Sveinn Andri Sveinsson** og **Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson** í villtum dansi við unnustuna, **Önnu Lilju Johansen**. Þar var líka Björg hjá MAC, **Anna María Ragnarsdóttir** og **Óli Hjörtur** rekstrarstjóri á Q bar. Einu sénsar kvöldsins voru þó í formi strokna á dansgólfinu eða meira svona líkamsnudds. Þegar sveittur gæi var farinn að þreifa á mér datt ég alveg úr stemningu...



FYRSTI GEISLADISKURINN MINN.



ÉG A TVO SVONA KERTASTJAKA núna, einn gulan og svo bláan. Það kemur svo yndisleg birta frá þeim og myndin svo sæt.



TÖLVAN MÍN er ótrúlega nett og þægileg. Hún hefur verið lengi með mér og segir mér allt um heiminn.



OSTABAKKINN FRÁ KÖTU MINNI



ÉG FÉKK ÞENNAN KJÓL í Rokki og rósum og held mikið upp á hann. Bæði sniðið og liturinn henntar mér voða vel.



ÞESSAR VINKONUR fékk ég sendar til mín þegar ég var að klára kennaranám í Bandaríkjunum.



MARGRÉT EIR söngkona



ÉG FÉKK ÞETTA PÍANÓ FRÁ ÖMMU MINNI, ÞAÐ ER ORÐIÐ GAMALT OG FALSKT OG mér þykir enn vænna um það þess vegna.

ÞETTA ER HÁLSFESTI OG HRINGUR sem kærasti minn hannaði og lét gera fyrir mig. Steinninn er hrafntinna úr Esjunni sem hann fann þegar við fórum í lengstu göngu sem ég hef farið í á ævinni, við köllum þetta Tärin úr Esjunni.



ÉG ER MIKIÐ FYRIR SKÓ, ég get ekki valið hvað er mest í uppáhaldi, ég elska þá alla. Þessir eru til dæmis í sérlegu uppáhaldi hjá mér enda líflægir og kvenlegir.

AER-BOXID OG HLJÓÐNEMI eru tæki sem ég nota mjög mikið við mína vinnu.

HVERNIG ÁTTU AÐ HAGA ÞÉR Á ÚTSÖLUM?

Kauptu sérlega vandaðan fatnað

Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í útsölugóss áður en verslanir landsins fyllast af sumarlínunni 2009. Ef fólk ætti einhvern tíma að kaupa sér fatnað á útsöllum þá er það akkúrat núna. En hverju á fólk að fjárfesta í og hvað ber að varast?

KAUPTU:

1. Svartar buxur úr góðu efni og gættu þess vel að þær klæði þig súpervel.
2. Vel sniðnar skyrtur, þær hvítu standa alltaf fyrir sínu.
3. Uppháa sokka. Þeir tröllríða öllu núna og verða áfram það allra flottasta í fataskápnum.
4. Flík með tigrisdýramynstri, það er alltaf klassískt
5. Appelsínugulan varalít.



EKKI KAUPA:

1. Ofurskræpóttar mussur sem bæta á þig 10 kílóum.
2. Gallabuxur sem eru lágur í mittið og fá björgunarhringinn til að vella upp úr.
3. Bleikt gloss.
4. Stuttar peysur.
5. Boli sem verða sjúskaðir eftir einn þvott.

HEILDSÖLU LAGERSALA

aðeins í 6 daga

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

40-80% afsláttur



Mikið úval af skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|----------------------|-----------|-----------------|
| 3. laga jakkar: | 34.900,- | 12.900,- |
| Skíðabuxur: | 19.900,- | 7.900,- |
| Skíðaúlpur | 19.900,- | 4.900,- |
| Golfjakkar | 19.900,- | 9.900,- |
| Útivistarjakkar | 21.900,- | 7.900,- |
| Super Stretch peysur | 8.900,- | 2.900,- |
| Soft Shell peysur | 16.900,- | 4.900,- |
| Barnaúlpur | 9.900,- | 2.900,- |

| Opnunartími: | | |
|--------------|------------|-----------|
| Fimmtudagur | 29. janúar | kl. 14-20 |
| Föstudagur | 30. janúar | kl. 14-20 |
| Laugardagur | 31. janúar | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 1. febrúar | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 2. febrúar | kl. 14-20 |
| Þriðjudagur | 3. febrúar | kl. 14-20 |



Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO-ON
ICELAND



KLINGENBERG SPÁIR

Íris Björk Tanya Jónsdóttir athafnakona

Íris Björk Tanya Jónsdóttir er fædd 25.6.1969. Þegar þversumman af tölunum er fundin kemur út talan 38 og þegar hún er lögð saman kemur út talan 11. „Það eru skiptar skoðanir í talnaspekinni hvort fólk sé talan 11 eða 2 þegar talan 38 kemur upp. Fyrir mér er það bara val en talan 11 er mikil masterstala og gefur fólk kraft til að rokka og róla í lífinu. Það eru margir listamenn sem skreyta sig með þessari tölu. Madonna hefur til dæmis lífstöluna 11 og það er aldeilis búið að vera fjór hjá henni.

Íris hefur mikla sköpunargáfu og getur búið til allt úr engu. Hún deyr aldrei ráðalaus, alveg sama hvað mætir henni. Nú er hún á árstölunni 6 sem tákna ástina. Þegar árstalan sex er yfir okkur getum við búið við mörgum sprengjum í kringum okkur og oft þurfum við að færa okkur um set þegar þessi tala er í kortunum. Þó að manni finnist þetta dálítið erfitt þá er þetta manni alltaf til mikillar blessunar. Íris á eftir að hasla sér völl á erlendri grund, byggja hús fyrir auðkýfinga um allan heim. Hún er ekki að fara inn á neitt rólegt tímabil. Ég sé fyrir mér land á fjarlægum slóðum þar sem viðskiptamöguleikar biða Írisar. Ástamál-

in hjá henni þróast og útkoman verður falleg. Íris byrjar á þessu breytingaskeiði í kringum 20. apríl og þá verður mikil um að vera í kringum hana. Næsta sumar verður eitt það besta sem hún hefur upplifað. Nýir vinir eru á næsta leiti sem koma með nýjar hugmyndir. Það er einhver hreinsun í kringum hana, nýtt fólk mun koma og gamalt mun hverfa á braut. Árið 2010 mun hún vera komin inn á mikla andlega braut og ekkert mun stoppa hana.

www.klingenberg.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Margrét Bjarnadóttir danshöfundur



1 Vakna snemma, gleyma því að tölvan sé til og lesa minningargreinar með morgunkaffinu. Það er hollt og lærdómsríkt.



2 Ganga í nýföllnum snjó og stillu á fund skemmtilegu vina minna sem leggja nú á ráðin fyrir sýninguna Húmanimal.



3 Koma við á kaffihúsinu á Kárástíg og hitta þar hóp eldri borgara sem býður mér að setjast hjá sér og spjalla.



4 Matur hjá mömmu og pabba með fólkinu mínu góða.



5 Fá óvænta símhringingu, þegar ég er á leið í háttinn, um að skella mér út og dansa hressilega fram að dögum.

Ljúffengt tilboð í febrúar

Það er óþarfi að vera súr á þorranum

Útsýnisferð fyrir bragðlaukana

Þorra hvað?

Ferskur og ljúffengur þriggja rétta matseðill með frábæru útsýni á 4.990 kr. út febrúar.

Forréttur

Humar með ætiffíflamauki, epla chutney og kexi, heslihnetufröðu og heslihnetu-humargljáa.
eða
Dönsk urtönd með maísmjökköku, bökuðum maís og andadjús.

Aðalréttur

Lambarúlla, tunga og sultað lamb með lagskiptri kartöflu, ertumauki og rauðvínssósu.
eða
Steinbítur og hörpuskel með kremuðu banka-byggi, ætíþystlum, dijon sinnepi og fröðu.

Eftirréttur

Mjólkursúkkulaðímús og brownie með heslihnetu kurli, tapioca perlum og tonkabauaís.
eða
Bananakaka með hægelduðum banana, karamellu og „rum&cola“ ís.

Sérvalin frönsk og ítölsk vín einnig í boði í samráði við vínþjón okkar.

Tilboðið gildir öll kvöld frá 30. janúar til 28. febrúar.

Boðþapantani í síma 595 8545 eða dine@panoramarestaurant.is
Ingólfsstræti 1 | 101 Reykjavík | www.panoramarestaurant.is

panorama
restaurant

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað

alla laugardaga

Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttáttæktir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Meðal efnis í helgarblaðinu:

- Aukinn áhugi á andlegum eignum segir Magnús Skarphéðinsson.
- Stjórnkerfið í eigu Sjálfstæðisflokksins eftir átján ára valdatíð.
- Engin kreppa í Kardimommubænum, viðtal við Selmu Björnsdóttur leikstjóra.

Fjölskyldublaðið:

- Vinahjón minnkuðu við sig vinnu og skiptast á að passa börnin.

Heimili og hönnun:

- Eldunaráhöld endurnýjuð eftir mótmæli.



Allt sem þú þarft



Veitingasala Norræna hússins er lokuð frá 1. febrúar og fram í miðjan mánuðinn vegna breytinga á rekstrinum.

Við biðjum gesti okkar velvirðingar á þessum óþægindum.

Velkomin aftur á nýjan og glæsilegan veitingastað.

Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | nh@nordice.is | www.nordice.is



Þjóðleikhúsið
Sýningar um helgina

Heiður
Joanna Murray-Smith
Drepur girndin ástina? ★★★★★ JVJ, DV
fös. 30/1 örfá sæti laus

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
fös. 30/1, lau 31/1 örfá sæti laus
Sýningum að ljúka

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
lau. 24/1 uppselt
sun. 25/1 uppselt

Kardemommubærinn
Thorbjörn Egner
Frumssýning 21. febrúar
Miðasala í fullum gangi!

Skoppa og Skríttla
snúa aftur í febrúar!

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Javier Bardem Penélope Cruz Scarlett Johansson



Vicky Cristina Barcelona

GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTA MYNDIN

3 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA LEIKMAN
REBECCA HALL
BESTA LEIKADÖN
JAVIER BARDEM
BESTA LEIKADÖN
LEIKMANNA
LEIKMANNA
LEIKMANNA
PENÉLOPE CRUZ

ÓSKARSTILNEFNING
BESTA LEIKADÖN Í AÐRANUÞYGGINGU
PENÉLOPE CRUZ

Sýnd í Háskólabíói

Ekki hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar stig
www.graenaljosid.is

græna ljósið



NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmundsson

Ævisögur og endurminningar

Alltaf orkar það tvímælis þegar áberandi fólk í samfélaginu gefur út æviminningar sínar um það bil hálf tíma eftir að það hrökklast úr embætti. Þetta tíðkast víða erlendis, en Íslendingar í svipaðri stöðu hafa löngum sýnt meiri þolinmæði og hefur jafnvel tekist að hemja sig í nokkur ár með að ausa úr skálum reiði sinnar, ata forna fjendur auri og reyna að hreinsa mynd sína á prenti. Þó eru undantekningar þar á; til dæmis ritaði Guðmundur Árni Stefánsson lífssögu sína, *Hreinar línur*, skömmu eftir að hann sagði af sér embætti heilbrigðis- og félagsmálaráðherra og stuttu eftir að Ingva Hrafní Jónssyni var víkið úr starfi fréttastjóra RÚV leit bókin *Ög þá flaug Hrafninn* dagsins ljós. Í ljósi atburða vikunnar er vert að velta fyrir sér hvort von sé á holskeflu bóka af þessum toga í næsta jólabókaflóði.

Margir biða spenntir eftir bók Davíðs Oddssonar, sem mun líklega bera titil-

inn Oft spurði ég ömmu. Þar sem íslenska efnahagsundrið hefur vakið verðskuldaða athygli umheimsins verður bókin þýdd og gefin út á ensku undir heitinu *I'll be back!* Geir Haarde hyggur einnig á landvinninga með bók sinni *Geirnegldur*, eða *Live Free or Die Haarde*.

Einkavæðing heilbrigðiskerfisins verður ofarlega á baugi í sögu Guðlaugs Þórs Græðum á sárunum og titill bókar Björns Bjarnasonar, *Þjóð bjarnarins* mikla, skýrir sig sjálfur. Árni Mathiesen verður á ljúfsáru nóttunum í... Það sem að mér var rétt og Einar K. slær í gegn með *Hvalræði á norðurslóð*. En met-söluhöfundurinn verður án efa Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir með bókina *Þrykk!* - Ævi-minningar handboltamömmu og menntamálaráðherra.



myndasögur


■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Rústað frumsýnt í kvöld

Prettán ára gamalt breskt leikrit sem á sínum tíma hristi upp í leikritun Vesturálfu verður loksins frumsýnt hér á landi í kvöld. Höfundurinn Sara Kane var við frumflutning verksins óþekkt stærð í samtímanum en varð á einni nóttu víðfræg. Verk hennar, *Blasted* eða *Rústað*, er nú orðinn minnisvarði í samtímaleikritun Vesturlanda. Það verður frumsýnt í kvöld á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Rústað er löngum talið eitt upphafsverka bylgju sem skall á leikhúsi Vesturálfu á miðjum tíunda áratugnum. Hópur höfunda sem var á svipuðu aldurskeiði var fljótt dreginn í dilka og við hann kenndur skóli ofbeldisfullra og opin-skárna verka og kallaður Uppí opið geðið – In yer face – þótt þeir ættu

raunar fátt sameiginlegt stíllega. Sara Kane var þar framarlega í flokki. Hún sendi frá sér nokkra fleiri leiktexta sem komust á svið en ferill hennar var skammur: hún svipti sig lífi 1999 og síðasta verk hennar var frumsýnt að henni látinni.

Miðaldra blaðamaður er staddur í stórborg á fínu hóteli og hefur kallað til fundar við sig skjólstæðing sinn og ástkonu. Samvera þeirra er full af þrá og endar í ofbeldi. Þegar hótelið verður fyrir árásum eru þau ofurseld ofbeldi að utan. Frumsýning *Rústað* á efri hæð Royal Court vakti heiftarleg viðbrögð og fordæmingu 1995, ekki ósvipaða og dæmi eru um. Þegar Hjálpar eftir Edward Bond var frumsýnt 1965 eða Rómverjar í Bret-

landi eftir Howard Brenton var frumsýnt 1980 var það ofbeldi sem vakti óhug og andstyggð. Kane viðurkenni á sínum tíma sterk áhrif frá Bond á höfundarverk sitt. Verk Kane var samið í miðjum ófriði Balkanskagans. hroðaverk sem þar voru unnin á stríðsmönnum og saklausum borgurum komust í hárnæli á Vesturlöndum, ólíkt því sem nú viðgengst í hinum lokuðu stríðum Asíu og Afríku. Kane heimfærir ofbeldið, hún upphefur tímenn í verkinu og hrörnun síðlegra gilda er hröð í framgangi verksins.

Leikstjóri á sviðsetningu í Borgarleikhúsi er Kristín Eysteinsdóttir. Þýðingu vann Guðrún Vilmundardóttir, leikmynd gerir Börkur Jónsson, en Þórður Orri Pétursson lýsir. Leikarar í sýningunni eru



LEIKLIST Ofbeldið kemur óvænt inn á fínt hótélherbergi. Hermaðurinn er leikinn af Birni Thors.

MYND LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR/GRÍMUR BJARNASON

þau Ingvar E. Sigurðsson, Björn Thors og Kristín Þóra Haraldsdóttir. Í tengslum við sviðsetninguna verða leiklestrar á öðrum verkum

Kane, Ást Fedru verður lesin 10. febrúar, Hreinsun 17. febrúar, Þrá 24. febrúar og loks 4.48 geðtruflun þann 3. mars. pbb@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 30. janúar 2009

→ Tónleikar

12.15 Trío Reykjavíkur heldur hádegis-tónleika Á Kjarvalstöðum við Flóka-götu. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Davíð Ólafsson verður með tónleika í **Langholtskirkju** þar sem ásamt honum koma fram Karlakórinn Fóstbræður, Jóhann Friðgeir, Garðar Thor Cortes, Hulda Björk, Gissur Páll, Stefán Helgi og fleiri. Allur ágóði mun renna til hjálparstarfs **ADRA**.



22.00 Retro Stefson spilar á **Prikinu**, Bankastræti 12 auk þess sem Danni Deluxxx þeytir skífum.

22.00 Matti, Magni og Beggi verða með tónleika á Græna hattinum, **Hafnarstræti 96, Akureyri**. Húsið opnar kl. 21.00.

→ Leiklist

20.00 Leikverkið **Dubbeldusch** eftir Björn Hlyn Haraldsson er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50, **Hafnarfirði**.

→ Dans

21.00 Ugly Duck productions frumsýnir fjögur ný dansverk á Skúlagötu 26 (innangangur við Vítastíg).

→ Fyrirlestrar

12.00 iPod-inn sem menningar-fyrirbæri í síðkapítalísma **Mirko M. Hall** flytur erindi á Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, stofu 103.



→ Sýningar

Hulda Halldór hefur opnað sýningu í **Tjarnarsal** Ráðhússins í Reykjavík. Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 12-18.

Ásdís Kalman sýnir í Listasal Mosfellsbæjar, **Kjarna**, Þverholti 2, Mosfellsbæ. **Opið** virka daga kl. 12-19 og laugardaga kl. 12-15.

Í glugganum á **Galleri Marló** við Laugaveg 82, stendur yfir sýning á listaverkabókum eftir nemendur í **Myndlistaskólanum í Reykjavík**. Einnig stendur þar yfir ljóðasýningin „Með þinni skrift“ sem samanstendur af handskrifuðum ljóðum eftir nokkrar af helstu skáldkonum okkar tíma. Bæðum sýningin lýkur 4. febrúar. Opið virka daga 13-18. Laugardaga kl. 14-17.

→ Síðustu forvöð

Sýningu Kolbrúnar Hjörleifsdóttur **Ull er gull** á Geysi bistro/bar við **Aðalstræti**, lýkur í dag. Þar sýnir Kolbrún myndverk unnin úr íslenskri ull. Opið í dag kl. 11.30-22.30.

→ Söngleikir

20.00 Nemendaópera Söngskólans frumsýnir söngleikinn **The Show Must Go On** í íslensku óperunni við Ingólfsstræti.

→ Dansleikir

Spúttnik spilar á **Players** í Bæjarlind í Kópavogi.

→ Pub Quiz

19.00 Pub Quiz verður haldið á Dillon Sportbar Trönuhruni 10. Frosti Gríngo verður spyrill. Seinna um kvöldið mun hjómsveitin Ink spila.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

8 Milljónir

Risapottur!

Farðu á 1X2.is eða á næsta sölustað og tippaðu á enska boltann fyrir klukkan 14.00 á laugardag.

Röðin hefur verið lækkuð niður í 15 krónur!



www.1X2.is

> ÁNÆGD OG GRÖNN

Söngkonan Lily Allen segist hafa misst nokkur aukakíló vegna þess að henni líði svo vel um þessar mundir. Núna láti hún frönsku kartöflurnar alveg í friði. „Eina ástæðan fyrir því að ég hef grennst er að ég borða mikið þegar mér líður ekki vel,“ sagði Allen.

fólk
folk@frettabladid



Hápunktur Eurosonic-hátíðar

Tónleikar hljómsveitarinnar For a Minor Reflection, sem hitaði upp fyrir Sigur Rós á síðasta ári, þóttu hápunktur Eurosonic-hátíðarinnar að mati breska tímaritsins Music Week. „Þeir voru hápunktur Eurosonic-hátíðarinnar í þessum mánuði. Þessi íslenska hljómsveit býr til náttúrulega og melódíska tónlist með alþjóðlegu yfirbragði,“ sagði gagnrýnandi tímaritsins.

Troðfullt var á tónleikum hljómsveitarinnar, sem fóru fram í þrjú hundruð manna tjaldi. Þeir tónleikabókarar hafa nú sýnt sveit-

inni áhuga og til stendur að hún fari í þriggja vikna tónleikaferð í lok maí.

Fram undan hjá hljómsveitarmedlimum er að klára skólagöngu og undirbúa upptöku nýrrar plötu. Síðan er stefnt á tónleikahald í Evrópu í vor og sumar.

Eurosonic laðar að sér fulltrúa allra ríkisútvarpa í Evrópu um leið og hún er ein helsta hátíð tónleikabókarar og -haldara. Megintilgangur hennar er að koma ungum hljómsveitum og listamönnum á framfæri við tónlistarhátíðir og tónleikahaldara í Evrópu.



FOR A MINOR REFLECTION Hljómsveitin efnilega þótti standa sig best allra á Eurosonic að mati Music Week.

Meiddist í sviðsdýfu

Rapparinn Mike Skinner, betur þekktur sem The Streets, þurfti á lækniástoð að halda eftir sviðsdýfu sem hann tók á tónleikum í Cambridge. Hann segist hafa verið sleginn af einhverjum aðdáendum og vaknaði morguninn eftir með mikla verki.

„Ég hef aldrei upplifað annan eins sársauka en þegar ég var yngri handleggsbrotnaði ég á báðum höndum og fann varla fyrir því,“ skrifaði Skinner á bloggsíðu sinni. Sviðsdýfa hans var með óvenjulegra móti því í stað þess að stökkva ofan af sviðinu hljóp hann aftast í salinn og lét áhorfendur bera sig upp á svið.



THE STREETS Mike Skinner þurfti á lækniástoð að halda eftir óvenjulega sviðsdýfu í Cambridge.



FJALLAÐ UM JÓHÖNNU

Bæði Perez Hilton og Conan O'Brien gerðu skipan Jóhönnu að umtalsefni hjá sér. Conan fékk salinn til að hlæja þegar hann sagði að nýr forsætisráðherra Íslands væri lesbía og flugfreyja. The Sun fór hins vegar beint af augum í nálgun sinni.

HEILSUFAEÐI

Langhollasti þorramaturinn



Það fara fimm kíló af ferskum roðlausum og beinlausum ýsuflokum í að búa til eitt kíló af Gullfiski. Gullfiskur notar kælda framleiðsluaðferð, sem tryggir að ferskleiki og næringargildi vörunnar heldur sér þótt vatnið sé dregið úr henni.



Veljum íslenskt í Bónus



GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

Jóhanna í kastljós-
inu um allan heim

Virtir fjölmiðlar á borð við Reuters og AP hafa fjallað mikið um skipan Jóhönnu Sigurðardóttur í forsætisráðherrastólinn. Stjórnur á borð við Conan O'Brien og Perez Hilton hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja.

„Íslendingar hafa tilkynnt hver verður næsti forsætisráðherra; hún er lesbía og flugfreyja... eða var mig að dreyma þetta?“ var ein af skráttum kvöldsins hjá bandaríska spjallþáttastjórnandanum Conan O'Brien. Áhorfendur í sal sprungu úr hlátri. Jóhanna er sennilega sá íslenski forsætisráðherra sem fengið hefur hvað mestu athyglina í heimspressunni, ef undanskilinn er Geir H. Haarde fyrstu dagana eftir að bankarnir hrundu. Og hún er kannski ekki skráttin, athyglin sem Jóhanna fær. Hún er fyrsta konan sem gegnir þessu embætti í sögu Íslands, landið hefur verið nánast stanslaust í kastljósi fjölmiðlanna undanfarna hundráð daga, auk þess sem Jóhanna er samkynhneigð, hefur verið í sambúð með Jónínu Leósdóttur, leikskáldi og rithöfundu frá árinu 2002.

Á það hefur verið bent í erlendum fjölmiðlum að Íslendingar setja hjónabandsstöðu og viðteknar venjur í sambúð ekki fyrir sig,

ólíkt því sem gerist í öðrum vestrænum löndum. Þar þurfa stjórnmalamenn yfirleitt að hafa óflekkað mannorð í þeim málum, helst að vera hvítir, gagnkynhneigðir karlmenn með tvö börn og eigin konu. Íslendingum sé slétt sama um einkahagi fólks; þeir hafi til að mynda kosið einstæða móður í embætti forseta Íslands. Sem þóttu mikil tíðindi meðal síðavandra borgara hins vestræna heims.

En aftur að Jóhönnu. Bloggarinn Perez Hilton, einhver sá þekktasti í bransanum, óskar Íslendingum til hamingju. Hann hefur fylgst grannt með gangi mála á Íslandi, skrifað nokkrar færslur um íslenska efnahagshrunið og saup eiginlega hveljur þegar ríkisstjórn Íslands féll með hvelli. Perez óskar Jóhönnu góðs gengis og allrar lukku. „Enda veitir henni ekki af,“ skrifar Perez á bloggsíðu sína.

The Sun fer ekki eins og köttur í kringum heitan graut þegar það segir frá ráðningu Jóhönnu. „Iceland's new PM is a lesbian,“ er fyrirsögn á frétt breska blaðsins. Og þar er síðan rætt við Þórunni Sveinbjarnardóttur, umhverfisráðherra. „Jóhanna hefur lengstan þingferil og Íslendingar elska hana,“ segir Þórunn við The Sun. Geir H. Haarde tekur undir það að einhverju leyti en bætir við að Jóhanna sé eyðslusamur ráðherra.

freyrgigja@frettabladid

Trommusett á uppboð

Meg White, trommari rokkdúettins The White Stripes, ætlar að setja eitt af trommusettum sínum á uppboð. Með uppátækinu vill hún koma vini sínum Jim Shaw, sem er þekktur úr rokkseunni vestanhafs, til aðstoðar en hann glímur nú við krabbamein.

Trommusettið var notað við tölur á myndbandinu við lagið The Hardest Button to Button árið 2003. Settið fer á uppboð sjöunda febrúar ásamt fleiri munum tónlistarmanna. Meðal annars verða boðnar upp sjaldséðar ljósmyndir af hljómsveitinni Iggy and the Stooges.



MEG WHITE Trommari rokkdúettins The White Stripes ætlar að bjóða upp trommusettið sitt.

Frumskýning í kvöld á einu umtalaðasta leikriti síðari ára.



SARAH KANE: RÚSTÁÐ



30/01 **UPPELT** frums.
01/02 **UPPELT**
02/02 **UPPELT**
05/02 **UPPELT**
06/02 **UPPELT**
07/02 **UPPELT**
12/02 ÖRFÁ SÆTI LAUS
13/02 ÖRFÁ SÆTI LAUS
14/02
27/02

Leikstjóri: Kristín Eysteinsdóttir
Þýðing: Guðrún Vilmundardóttir
Búningar og leikmynd: Börkur Jónsson
Tónlist: Frank Hall
Lýsing: Þórður Orri Pétursson
Hljóð: Jakob Tryggvason og Frank Hall
Aðstoðarleikstjóri: Kolbrún Björt Sigfúsdóttir
Leikarar: Ingvar E. Sigurðsson, Björn Thors, Kristín Þóra Haraldsdóttir

Bannað yngri en 16 ára
Alls ekki fyrir viðkvæma

Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

SÍÐUSTU DAGAR

ÚTSÖLU MARKAÐUR



Verð aðeins

699.- 999.-



Hundruðir DVD titla í boði!

SAFNBOX OG SERÍUR EINNIG Á
FRÁBÆRU VERÐI



Fáanlegt í Kringlu, Smáralind, Skeifu og Akureyri

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

DVD MARKAÐUR

GLÆSILEG

NÝ TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BRETINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDAÞRENGI

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.15
Auddi og Sveppi**

Þeim er ekkert heilagt, komast upp með allt, láta sig allt varða og svo er öllu slegið upp í grín. Gestur Audda og Sveppa í kvöld verður lögregluvarðstjórinn með gullhjartað, Geir Jón Þórisson, en eins og alþjóð veit hafa hann og félagar hans í Lögreglu Íslands staðið í ströngu undanfarið. Strákarnir komast að því hvernig það er að láta úða á sig piparúða, Höddabögg verður á sínum stað og fleira. Vinirnir Auddi og Sveppi strax eftir fréttir í kvöld í opinni dagskrá á Stöð 2.



VIÐ MÆLUM MED

**Wipeout
Stöð 2 kl. 20.55**

Hörkuspennandi og bráðskemmtilegur raunveruleikabáttur sem öll fjölskyldan getur haft gaman af. Þessi leikur gengur út á það að 24 manneskjur keppa í ýmsum þrautum sem krefjast þols og úthalds í miklum buslugangi. Sigurvegarinn fær að launum 50.000 dollara.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | |
|-------------------------------------|---------------------------|
| 06.38 Morgunvaktin | 15.30 Miðdegistónar |
| 06.40 Veðurfregnir | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 06.50 Bæn | 16.10 Veðurfregnir |
| 07.30 Fréttayfirlit | 16.13 Fimm fjórðu |
| 08.00 Morgunfréttir | 17.03 Víðsjá |
| 08.30 Fréttayfirlit | 18.00 Kvöldfréttir |
| 09.05 Óskastundin | 18.16 Auðlindin |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.26 Spegillinn |
| 10.03 Veðurfregnir | 19.00 Endurómur úr Evrópu |
| 10.13 Sagnaslóð | 20.00 Leynifélagið |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 20.30 Stjörnuvíkur |
| 12.02 Hádegisútlit | 21.10 Flakk |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.07 Veðurfregnir |
| 12.45 Veðurfregnir | 22.12 Orð kvöldsins |
| 13.00 Vít og breitt | 22.15 Litla flugan |
| 14.03 Tónleikur | 23.00 Kvöldgestir |
| 15.03 Útlitssagan: Svörtu hestarnir | 00.07 Næturtónar |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (114:260)
- 16.30 Hollyoaks (115:260)
- 17.00 Ally McBeal (9:24)
- 17.45 The O.C. (6:27)
- 18.30 20 Good Years (6:13)
- 19.00 Hollyoaks (114:260)
- 19.30 Hollyoaks (115:260)
- 20.00 Ally McBeal (9:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
- 20.45 The O.C. (6:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.
- 21.30 20 Good Years (6:13) Frumlegir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.
- 22.00 Prison Break (16:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
- 22.45 Auddi og Sveppi
- 23.10 Logi í beinni
- 23.55 Armed and Famous (2:6)
- 00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

- 20.00 Hrafnáþing í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Heimastjórn Hrafnáþings kemur saman: Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæholm.
- 21.00 Sportið mitt Íþróttabáttur í umsjá Sverris Júlíussonar, íþróttaviðburðir verða til umfjöllunar og kastljósinu er beint að íþróttandanum. Spá helgarinnar er á vísun stað.
- 21.30 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir vara-borgarfulltrúi skoðar það sem helst brennur á höfuðborgarþéttum.

DR 1

- 10.00 Stemmer fra opgangen 10.30 Forandring på vej 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Jersild Live 11.35 Aftenshowet 12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Danmark Ekspeditionen 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Boogie Listen 16.00 Amigo 16.30 Shanes verden 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Disney Sjov 19.00 X Factor 20.00 TV Avisen 20.30 Tolken 22.30 Nighthawks

NRK1

- 10.25 V-cup langrenn 11.20 V-cup langrenn 12.00 NRK nyheter 12.05 V-cup alpint 12.40 V-cup alpint 13.30 Koht i familien 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Slipp naboen løst 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Ugleskogen 17.10 Mumfie 17.20 Charlie og Lola 17.35 Danny og Daddy 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Norge rundt 18.55 Mesternes mester 19.55 Nytt på nytt 20.25 Grosvold 21.10 Detektimen. Livvaktene 22.10 Kveldsnytt 22.25 Program ikke fastsatt 23.05 Classic Albums 23.55 Folk i farta 00.25 Kulturmytt

SVT 1

- 10.00 Tuff tid 11.00 Rapport 11.05 Debatt 12.35 Alpint 14.00 Carola - 25 år som artist 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Antikrundan 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturmytterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 På spåret 20.00 Skavlan 21.00 Hitch. Din guide till en lyckad date 22.55 Kulturmytterna 23.10 Mia och Klara 23.40 Rush hour

JÓNSSON & LEMACKS • J.LIS • SÍA

**25% afsláttur
af öllum vörum!**



25%



**Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.**

**HEIMA
HÚSIÐ**

mood
heima

Ordrógi

BÚM BETUR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík
Sími 568 4242 - www.heimahusid.is


BAKPANKAR
Þórunn
Óddsdóttir

„Status updates“

Geir settist fyrir framan tölvuna og opnaði fésbókina. Best að breyta um hjúskaparstöðu strax, hugsaði hann með sér og skráði sig úr sambandi í „einhleyp-an“. Hann sá að Solla hafði gert slíkt hið sama og í leiðinni þegið vinarbeiðni frá Steingrími sem var greinilega nýr á Facebook-vefn-um. Nú stóð þarna á skjánum að þau væru trúlofuð svo eflaust biðu þau aðeins færir á að geta uppfært stöðuna sem fyrst. Honum fannst þetta ótrúlega ómerkilegt og var kominn á fremsta hlunn með að skrifa andstyggilega athugasemd á vegginn hennar Solla en sá sem betur fer að sér. Lét sér nægja að fussa og sveia yfir hamingjuóskunum sem hafði rignt yfir turtildúfurnar þegar þau opinberuðu þarna á vefnum.

AUÐVITAÐ hafði Geir lengi vitað í hvað stefndi. Það var samt ekki fyrr en hann sá á tölvuskjánum tilkynninguna „Geir og Solla eru ekki lengur í sambandi“ að hann áttaði sig á að þetta hafði í raun og veru gerst. Einhvern veginn varð það ekki raunverulegt fyrr en það var komið inn á Facebook.

HANN gat alls ekki haft sig í háttinn. Sat bara límdur við skjáinn og skoðaði síður allra vina sinna og óvina. Hann sá að Jóhanna hafði uppfært statusinn sinn og nú stóð þar stórum stöfum að hennar tími væri kominn. Það fór hrollur um Geir en um leið mundi hann eftir að uppfæra sinn eigin status. Þar stóð enn og hafði staðið í rúma 100 daga: „Geir er að vinna í málunum.“ Hann breytti þessu sem snöggvast í „Geir er orðinn þreyttur á ruglinu í Samfylkingunni“ en skipti svo um skoðun og skrifaði „Geir lætur ekki bugast“.

SVO tók hann nokkur tilgangslaus sjálfspróf og fletti myndum sem flokksfélagarnir höfðu tekið í samkvæmum meðan allt lék í lyndi. „Dagar vins og rósa“ hafði fjármálaráðherra nefnt eitt albúmið og Geir vöknadi um augun þegar hann rifjaði upp dýrðlegar veislur þar sem kampavínið draup af hverju strái og menn böðuðu sig áhyggjulausir upp úr kavíar og humarhöllum.

HANN var við það að slökkva á tölvunni þegar hann sá að í pósthólfinu beið hans ný vinarbeiðni. „Dabbi kóngur hefur gert þig að vini sínum á Facebook“ las Geir og brosti út að eyrum. Hann þáði beiðnina með djúpu þakklæti. Með Davíð á fésbókinni hlyti allt að fara á besta veg.



GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn
30. janúar, 30. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 10.14 | 13.41 | 17.09 |
| Akureyri | 10.12 | 13.26 | 16.40 |

Heimild: Almanak Háskólans

ÚTSÖLULOK

VERÐHRUN

Regatta 
GREAT OUTDOORS™
www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322